



LJÓSOLEIÐARINN

Útgefandalýsing

19. maí 2022

Efnisyfirlit

1	Áhættuþættir	3
1.1	Fjárhagslegar áhættur.....	3
1.1.1	Lausafjárahætta	3
1.1.2	Áhætta tengd gjaldfellingarheimildum / fjárhagslegum kvöðum	4
1.1.3	Mótaðilaáhætta	4
1.1.4	Útvistunaráhætta	5
1.1.5	Markaðsáhætta	5
1.1.6	Vaxta-, og verðbólguáhætta	5
1.1.7	Endurfjármögnunaráhætta	6
1.2	Rekstraráhætta	6
1.2.1	Áhætta tengd fjarskiptakerfum	6
1.2.2	Áhætta vegna upplýsingatækni	7
1.2.3	Áhætta tengd stefnumótun	7
1.2.4	Stjórnunar- og starfsmannaáhætta.....	8
1.2.5	Áhætta tengd stjórnarsýslu-, dóms- eða gerðardómsmálum	8
1.2.6	Áhætta tengd reikningsskilaaðferðum	8
1.2.7	Orðsporsáhætta	8
1.3	Ytri áhættuþættir	9
1.3.1	Lagaleg áhætta	9
1.3.2	Áhætta tengd samkeppni	9
1.3.3	Umhverfisáhætta	10
1.3.4	Pólitísk áhætta	10
1.3.5	Áhætta tengd almennu efnahagsumhverfi.....	10
1.3.6	Skattaleg áhætta.....	11
2	Upplýsingar um útgefandann	12
2.1	Starfsemi	13
2.1.1	Skipulag Ljósleiðarans	13
2.2	Markaðurinn.....	14
2.3	Fjárfestingar og framkvæmdir	15
2.4	Stefna og stefnumótun	15
2.5	Lagalegt umhverfi útgefanda.....	15
2.5.1	Stjórnarsýslu-, dóms-, og gerðardómsmál.....	16
2.6	Fjárhagsupplýsingar.....	17
2.6.1	Mat á eignum útgefanda	21
2.7	Stjórnarhættir, stjórn, framkvæmdarstjórn og endurskoðunarnefnd	22

2.7.1	Stjórnarhættir	22
2.7.2	Yfirlýsing um stjórnarhætti.....	23
2.7.3	Stjórn og framkvæmdarstjórn.....	23
2.7.4	Endurskoðunarnefnd.....	27
2.7.5	Hluthafar	27
2.7.6	Hlutfé	27
3	Tilkynning til fjárfesta	29
3.1.1	Gildistími og skjöl til sýnis	30
3.1.2	Skjöl felld inn með tilvísun.....	30
3.1.3	Upplýsingar frá þriðja aðila.....	31
3.1.4	Umsjónaraðili og aðrir ráðgjafar	31
3.1.5	Hugsanlegir hagsmunaárekstrar	31
3.1.6	Endurskoðandi.....	32
3.1.7	Yfirlýsing ábyrgðaraðila fyrir hönd útgefanda	32
4	Skilgreiningar	33
4.1	Skammstafanir.....	34

1 Áhættupættir

Ljósleiðarinn ehf. (áður Gagnaveita Reykjavíkur ehf.), kt. 691206-3780, Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík (hér eftir „Ljósleiðarinn“, „útgefandi“ eða „félagið“), er einkahlutafélag sem starfar á grundvelli laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög og er í eigu Orkuveitu Reykjavíkur, kt. 551298-3029, Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík (hér eftir „Orkuveita Reykjavíkur“ eða „OR“). Tilgangur félagsins er rekstur fjarskipta- og gagnaflutningskerfis og skyld starfsemi, lánastarfsemi, rekstur fasteigna og annað sem þarf til reksturs félagsins. Áhættupættirnir, sem lýst er hér á eftir eru þeir áhættupættir sem útgefanda er kunnugt um og sem að mati útgefanda skipta máli varðandi skuldabréfin, svo meta megi áhættuna sem tengist þeim.

Áhættupáttur er atriði sem getur haft neikvæð eða jákvæð áhrif á útgefanda, hvort sem er rekstur hans, efnahag eða framtíðarhorfur og leitt til lakari eða betri stöðu en ef áhrifanna hefði ekki gætt. Áhættupættir geta haft áhrif á getu útgefanda til að uppfylla skuldbindingar gagnvart fjárfestum sem keypt hafa verðbréf útgefin af félaginu.

Afmörkun á áhættupáttum getur verið með ýmsu móti og þá er hægt að flokka með mismunandi aðferðum. Hér er leitast við að kortleggja alla þekkta áhættupætti í starfi útgefanda og afmarka þá þannig að skörun þeirra sé sem minnst. Áhrifa fleiri en eins áhættupáttar geta gætt samtímis. Áhrifin felast stundum í einum tímabundnum atburði en í öðrum tilvikum er um langvinn áhrif að ræða. Flestir áhættupættir geta komið fram í litlum eða ríkum mæli, áhrif þeirra eru oft á tíðum ekki einhlít og innbyrðis tengsl flókin. Ekki er hægt að setja fram með neinni vissu líkur á því hvort einstakur áhættupáttur geti haft keðjuverkandi áhrif og hrindi af stað fleiri áhættupáttum. Hafa þarf í huga að ómögulegt getur reynst að spá fyrir um hversu mikil áhrif áhættupáttar verða og að áhrifin geta komið mjög seint fram.

Áhættupættir, sem lýst er hér á eftir, eru þeir sem útgefanda er kunnugt um og sem að mati útgefanda geta haft áhrif á getu hans til að uppfylla skuldbindingar sínar gagnvart fjárfestum í tengslum við skuldabréfin. Með framsetningu og uppröðun þeirra áhættupáttar sem hér er fjallað um er leitast við að fyrst telja upp alvarlegustu áhættupættina að mati útgefanda, að teknu tilliti til neikvæðra áhrifa á útgefandann og verðbréfin og líkanna á að þeir raungerist. Útgefandi getur ekki metið líkur þess að tilteknir áhættupættir, sem hér er fjallað um muni hafa áhrif á starfsemi útgefanda.

Ekki er víst að hér sé fjallað um alla áhættupætti sem gætu haft áhrif á útgefanda í framtíðinni, því áhættupættir sem álitnir eru óverulegir í dag gætu þróast á þann veg að þeir hefðu veruleg áhrif á útgefanda síðar. Eins gætu komið fram nýir áhættupættir í framtíðinni sem ekki eru þekktir í dag. Sá möguleiki er því fyrir hendi að útgefandi geti ekki staðið við skuldbindingar sínar vegna annarra þátta en þeirra sem hér eru taldir upp og teljast miða við núverandi upplýsingar ekki til áhættu.

1.1 Fjárhagslegar áhættur

1.1.1 Lausafjánhætta

Útgefandi fjármagnar starfsemi sína með eigin fé, bankafjármögnun, skammtímafjármögnun¹ frá OR og skuldabréfaútgáfu. Tekjum af eignum er ætlað að mæta greiðslufæði skuldbindinga

¹ Skuld við tengda aðila tengist viðskiptum á milli félaganna, innkaupum á efni og þjónustu. Sjá nánari í skýringu 15 í ársreikningi Ljósleiðarans fyrir árið 2021.

félagsins. Lausafjánhætta er hættan á því að félagið geti ekki staðið við fjárskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla eða því takist ekki að endurfjármagna skammtíma- eða langtímaskuldbindingar. Ljósleiðarinn ber beina og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum sínum.

Sterk lausafjárstaða er besta vörnin gegn áföllum í rekstri og eykur jafnframt aðgengi að fjármagnsmörkuðum. Í rekstri fyrirtækja er æskilegt að veltufjármunir dugi á hverjum tímavarki fyrir skammtímaskuldum jafnvel þó tekjustreymi fyrirtækja sé traust. Veltufjárhlutfall² félagsins styrktist töluvert á síðasta ári en það var 0,6 í lok árs 2021, samanborið við 0,31 í árslok 2020.

Félagið hefur gert samning við móðurfélagið sitt um ávöxtun á lausu fé án bindingar. Krafa á móðurfélagið vegna fjár í ávöxtun í lok árs 2021 nam 572 m.kr. en krafan nam 29 m.kr. í lok árs 2020. Krafan vegna fjár í ávöxtun er færð á meðal skammtímakrafna í efnahagsreikningi. Þrátt fyrir að félagið kappkosti að stýra lausafé sínu þannig að það geti ávallt mætt skuldbindingum sínum getur sú staða komið upp að það hafi ekki yfir nægu lausu fé að ráða til að greiða af skuldum þegar þær gjaldfalla.

1.1.2 Áhætta tengd gjaldfellingarheimildum / fjárhagslegum kvöðum

Skuldabréf og lánasamningar þar sem útgefandi er skuldari geta innihaldið ýmsar fjárhagslegar eða sérsakar kvaðir og skuldbindingar. Frávik frá þeim eða brot gegn þeim geta leitt til gjaldfellingar á viðkomandi láni og eftir atvikum annarra lána eða skuldabréfa félagsins, á grundvelli sérstakrar gjaldfellingarheimildar þar að lútandi. Í skilmálum skuldabréfsins eru tvö fjárhagsleg skilyrði, annarsvegar vaxtaþekja og hinsvegar eiginfjárvöð. Vaxtaþekja er skilgreind á þann veg að rekstrarhagnaður skuli vera að lágmarki 2,5 sinnum greiddur vaxtakostnaður félagsins (EBITDA/Greiddir vextir > 2,5). Eins og stendur er hlutfallið 4,3 fyrir árið 2021 en var 4,0 árið 2020. Eiginfjárvöð sem hvílir á útgefanda er að tryggja að bókfært eiginfjárhlutfall³ skv. endurskoðuðu ársuppgjöri eða könnuðu hálfis árs uppgjöri útgefanda á líftíma, sé ávallt hærra en 30%.

1.1.3 Mótaðilaáhætta

Mótaðilaáhætta er sú áhætta að mótaðili efni ekki gerða samninga, hvort sem um er að ræða mótaðila í fjármálagerningi, samninga við birgja eða almenna samninga við viðskiptavini Ljósleiðarans og að félagið verði fyrir fjárhagslegu tjóni af völdum þess. Fjarskiptafélögin greiða Ljósleiðaranum fyrir aðgang (þjónustugjöld) að ljósleiðaraneti félagsins og selja aðgang í smásölu til viðskiptavina sinna. Heimili og fyrirtæki í viðskiptum við fjarskiptafélögin hafa val um að nota þjónustu Ljósleiðarans eða samkeppnisaðila. Ef fleiri velja þjónustu samkeppnisaðila hefur það í för með sér neikvæð áhrif á tekjur og þar með fjárhag félagsins. Vægi fyrirtækja er meira en einstakra heimila og því hefur brottfall þeirra úr viðskiptum við Ljósleiðarann (í gegnum fjarskiptafélag) hlutfallslega meiri neikvæð áhrif á félagið. Sýn hf. kt. 470905-1740, Suðurlandsbraut 8, 108 Reykjavík (hér eftir „Sýn“ eða „Vodafone“) er stærsti einstaki mótaðillinn og myndi brottfall hans hafa veruleg áhrif á tekjur félagsins.

Ljósleiðarinn færir niður viðskiptakröfur vegna áætlaðrar virðisrýrnunar. Virðisrýrnun viðskiptakrafna er metin á hverjum uppgjörsdegi af stjórnendum. Lagt er mat á innheimtanleika krafna, bæði almennt og sértækt vegna krafna sem komnar eru í talsverð vanskil. Við mat á

² Veltufjárhlutfall = Skammtímaskuldir / Veltufé

³ Eiginfjárhlutfall = Eigið fé / Heildareignir

almennri niðurfærslu er byggt á sögulegri tapsreynslu, aldursgreiningu krafna og almennu efnahagsástandi. Ekki er talin þörf á niðurfærslu annarra skammtímakrafna. Sú hætta er einnig fyrir hendi að verðhækkningar eða tafir á afgreiðslu hjá birgjum uppsetningarbúnaðar á ljósleiðaraneti félagsins geta valdið fjárhagslegu tjóni og haft neikvæð áhrif á starfsemi félagsins.

1.1.4 Útvistunaráhætta

Útvistunaráhætta er áhætta tengd því að félagið hafi minni yfirsýn og stjórn ásamt mögulegum viðbótarkostnaði í tengslum við útvistun verkefna félagsins til þriðja aðila, eða tengd því að útvistuð þjónusta sé ekki í samræmi við gerða útvistunarsamninga. Félagið útvistar verkefnum tengdum innanhúslögnum á heimilum, eftirliti á lagningu ljósleiðara, jarðvinnu og annað vegna lagningar ljósleiðarakerfa, þjónusta og ráðgjöf vegna upplýsingatækni, fjármálum og bókhaldi. Ekki er hægt að útiloka að félagið kunni að verða fyrir tjóni vegna útvistunar verkefna félagsins til þriðja aðila.

1.1.5 Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar á markaðsverði erlendra gjaldmiðla, vaxta og annarra verðbreytinga hafi áhrif á afkomu eða virði fjármálagerninga. Markaðsáhættu Ljósleiðarans er einkum rakin til breytinga á vöxtum og verðlagi en áhætta vegna gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla, markaðsverðbréfa er minni.

1.1.6 Vaxta-, og verðbólguáhætta

Vaxtaáhætta félagsins snýr að gengishreyfingum, verðbólgu og verðbólguvæntingum en þessir liðir kunna að hafa áhrif á vaxtastig innanlands og þar með á fjármagnsliði félagsins. Vaxtaáhætta felst einnig í því þegar vextir á eignum og skuldum breytast ekki á sama tíma. Óvissa um framtíðarþróun vaxtastigs hefur í för með sér áhættu. Ef vextir hækka verður dýrara að greiða af skuldum félagsins á fljótandi vöxtum en hagstæðara á föstum vöxtum ef þeir eru lægri en þeir vextir sem bjóðast á markaði. Félagið er með 50% hluta af skuldum sínum á föstum vöxtum og hafa því fest ákveðin vaxtakjör fram í tímann. Hinn hluti skuldanna er á fljótandi vöxtum og sveiflast með markaðnum hverju sinni.

Verðbólguáhætta getur einnig myndast ef tekjur fylgja ekki verðbólgu þar sem hluti skulda útgefanda er verðtryggður og hefur aukin verðbólga innanlands áhrif á verðbætur sem leggjast á höfuðstól lána og hækka þar með fjármagnskostnað félagsins. Verðbólguvæntingar eru einnig innbyggðar í fljótandi vöxtum og hafa því áhrif á óverðtryggðar skuldir. Ef verðbólgan eykst og verðtryggðar skuldir eru umfram verðtryggðar eignir þá er hætta á að fjármagnskostnaður hækki án þess að samsvarandi hækkun verði á vaxtatekjum félagsins. Slík staða getur haft neikvæð áhrif á framtíðartekjur útgefanda og þar með getu hans til að standa í skilum á skuldbindingum sínum.

Samkvæmt ársreikningi félagsins fyrir árið 2021 eru heildar vaxtaberandi skuldir um 15,5 ma.kr. Fyrrgreindar skuldir eru í íslenskum krónum og skiptast í óverðtryggðar 56% og verðtryggðar 44%. Á árinu 2021 gaf félagið út að nafnvirði 6,1 ma.kr grænan verðtryggðan skuldabréfaflokk (LL 016041 GB) á föstum vöxtum⁴. Skuldabréfaflokkurinn er óuppgreiðanlegur en útgefanda er þó heimilt að kaupa skuldabréfin í heild, eða að hluta á

⁴ Á dagsetningu lýsingar er skuldabréfaflokkurinn 8,2 ma.kr. að nafnvirði eftir að viðbótarútgáfa átti sér stað þann 31. mars 2022

eftirmarkaði. Engin vissa er fyrir því að framtíðarfjármögnun félagsins verði á sömu kjörum eða hagfelldari en sú fjármögnun sem félagið býr við m.v. dagsetningu þessarar lýsingar.

1.1.7 Endurfjármögnunaráhætta

Takmarkað aðgengi að lánsfjármögnun getur skapað hættu á að félagið nái ekki að endurfjármagna skuldir sínar fyrir eða á gjalddaga þeirra. Vaxtaberandi skuldir félagsins eru með lokagjalddaga á árunum 2025 – 2041. Við dagsetningu þessarar lýsingar eru um tæplega 60% af vaxtaberandi skuldum félagsins á gjalddaga fyrir 31. desember 2026, eða um 9,2 ma.kr., þar af eru um 1,2 ma.kr. á gjalddaga á næstu tólf mánuðum. Hluti af lánnum félagsins er óuppgreiðanlegur, annað hvort út allan lánstímann eða á ákveðnu tímabili. Áhætta í tengslum við endurfjármögnun er ávallt til staðar hjá félögum sem fjármagna sig með lántökum. Sú hættu er til staðar að félagið nái ekki að fjármagna sig á sambærilegum eða betri kjörum og áður. Einnig er sú hættu til staðar að félaginu takist ekki að endurfjármagna lán sín fyrir gjalddaga eða semja um áframhaldandi fjármögnun. Ef félaginu tekst ekki að endurfjármagna lán sín er hættu á að félagið geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar.

1.2 Rekstraráhætta

Rekstraráhætta Ljósleiðarans varðar áhrif áfalla og ófyrirséðs tjóns á fjárhag félagsins vegna mögulegra hættutilvika. Rekstraráhætta getur skapast vegna ýmissa þátta í nærumhverfi félagsins s.s. vegna vinnu starfsfólks eða háttsemi, stjórnunarlegra mistaka, ófullnægjandi upplýsingakerfa, skipulags, eftirlitskerfa, verkferla, en einnig vegna ytri þátta s.s. bilana í ljósleiðaraneti, stjórnkerfum, náttúruhamfara, stríðsátaka, lögsókna, breytinga á lögum, reglum og almennum viðhorfum til starfsemi félagsins. Einnig er til staðar áhætta vegna mistaka og svika, við mat á fjárfestingum eða að reglum og stefnum útgefanda sé ekki framfylgt, t.a.m. vegna ófullnægjandi innri ferla. Stjórnendur meta rekstraráhættu og fylgst er með þekktum rekstraráhættum félagsins og þær metnar með reglubundnum hætti. og hefur útgefandi sett sér áhættustefnu, en hana er hægt að sjá á vefsíðu útgefanda.⁵

1.2.1 Áhætta tengd fjarskiptakerfum

Fjarskiptakerfi Ljósleiðarans er ljósleiðaranet sem byggir á rörum, lögðum í jörð, og ljósleiðarastrengjum sem lagðir eru í rörin. Hnökkrar í starfsemi eða framkvæmdum á innviðum geta haft neikvæðar afleiðingar á fjárhag félagsins og viðskiptasambönd.

Framkvæmdaáhætta í lagningu ljósleiðara tengist jarðvinnuhluta með því að geta valdið tjóni á öðrum lögnum sem fyrir eru í jörð. Viðhald lagna ræðst af líftíma eignanna en fyrir lagnir lagðar í jörð er lítil þörf á viðhaldi nema vegna tjóna af völdum þriðja aðila eða náttúruváar. Fylgst er með virkum búnaði tengistöðva í upplýsingakerfum ásamt því að vera með virkt eftirlit með framkvæmdum í kringum ljósleiðaralagnir.

Í lögum og reglugerðum er lúta að fjarskiptamarkaði eru gerðar ríkar kröfur til tæknibúnaðar og öryggisþátta innviða. Gerðar eru kröfur til fjarskiptafyrirtækja um að tryggja virkni og öryggi fjarskiptaneta sem og upplýsingakerfa sem stuðst er við. Fjarskiptafyrirtæki eiga að viðhafa nauðsynlegar tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir til að verja fjarskiptanet sín.

⁵ Sjá nánar - <https://www.ljosleidarinn.is/stefnur/ahaettustefna>

Bilanir í kerfum geta aukið rekstrarkostnað og valdið töfum á afhendingu þjónustu. Slíkt getur valdið fjárhagslegu tjóni fyrir félagið og því haft neikvæð áhrif á rekstur þess.

Eftirlitsferlar eru til staðar hjá félaginu sem stuðla að auknu öryggi og skilvirkni upplýsingakerfa. Ljósleiðarinn starfar undir vottuðu stjórnunarkerfi upplýsingaöryggis skv. ISO 27001 og þjónustusamning en forstöðumaður tæknideildar ásamt upplýsingaöryggisstjóra OR samstæðu ber ábyrgð á framkvæmd þess. Framkvæmdar eru innri og ytri úttektir í samræmi við kröfur stjórnunarstaðalsins. Innri úttektir eru gerðar út frá áhættum og árlega er gerð úttekt á vegum vottunaraðila. Markmiðið er að hámarka upplýsingaöryggi og tryggja eins og kostur er samfellu í rekstri upplýsingakerfa. Öflugt og vottað skipulag öryggiskerfa er mikilvægur liður í því að ráðstafanir séu gerðar og umbætur settar í farveg.

Helstu áhættuþættir sem félagið stendur frammi fyrir tengdir rekstri fjarskiptakerfa varða miðlægan búnað, öryggi tækjarýma og afhendingu þjónustu til viðskiptavina. Rekstur félagsins er háður því að hægt sé að endurnýja núverandi kerfi og fjárfesta í nýjum kerfum með það fyrir augum að félagið sé samkeppnishæft og góður kostur fyrir endanotandann, bregðast við tækniþróun og auknum kröfum viðskiptavina og eftirlitsaðila. Miðlægur búnaður félagsins er vaktaður allan sólarhringinn af sérfræðingum Ljósleiðarans sem hafa aðgang að sérfræðingum framleiðanda búnaðarins, Cisco.

Þrátt fyrir að félagið sé með skilgreinda verkferla sem stjórnendum og starfsfólki ber að fylgja er alltaf sú hættu til staðar að skipulagi eða verkferlum sé ekki fylgt og að starfsfólk brjóti af sér í starfi með sviksamlegum hætti, ásetningi eða stórkostulegu gáleysi. Slíkt getur haft neikvæð áhrif á starfsemi félagsins.

1.2.2 Áhætta vegna upplýsingatækni

Bilanir í upplýsingakerfum, tölvubúnaði og tengingum, ásamt tölvuvírusum og árásum tölvuþrjóta geta haft áhrif á starfsemi Ljósleiðarans. Upplýsingatækni og upplýsingaöryggi eru mikilvægir þættir í að styðja við rekstur fyrirtækisins og nauðsynlega þætti í virðiskeðju þess. Gagnaöryggi er mikilvægur þáttur í rekstri upplýsingakerfa og er lögð áhersla á áreiðanlegar upplýsingar sem nýttar eru til þjónustu og ákvarðanatöku. Þrátt fyrir að leitast sé við að lágmarka áhættu upplýsingakerfa er ekki hægt að útiloka að upp komi aðstæður sem geta valdið útgefanda tjóni. Þróun tæknilausna á fjarskiptamarkaði er ör og stöðugt koma fram nýjar tæknilausnir sem veita þeim lausnum sem fyrir eru samkeppni og leysa þær jafnvel af hólmi. Skilvirk upplýsingakerfi eru nauðsynleg fyrir rekstur Ljósleiðarans.

1.2.3 Áhætta tengd stefnum og stefnumótun

Viðskiptalegar ákvarðanir, framkvæmd þeirra eða skortur á viðbrögðum við breytingum á rekstrarumhverfi félagsins getur haft í för með sér neikvæðar afleiðingar fyrir félagið. Stefna félagsins mótask af skilgreindu hlutverki og markmiðum. Félagið hefur m.a. sett sér stefnur tengdum áhættu, umhverfi og auðlindum auk persónuverndar. Nánari umfjöllun má finna í kafla 2.4 „Stefna og stefnumótun“. Hætta er á að félaginu takist ekki að fylgja yfirlýstri stefnu, vegna ytri áhrifa sem félagið getur ekki brugðist við með fullnægjandi hætti eða vegna eigin mistaka. Slíkt gæti haft neikvæð áhrif á rekstur félagsins og orðspor. Nauðsynlegt er að félagið stýri viðskiptalegum ákvörðunum sínum með réttum hætti til að ná fram langtíamarkmiðum, hluthöfum og öðrum hagsmunaaðilum til hagsbóta.

1.2.4 Stjórnunar- og starfsmannaáhætta

Stjórnunar- og starfsmannaáhætta er sú áhætta sem fólgin er í að stjórnun, skipulag og þekking innan útgefanda nægi ekki á hverjum tíma til að takast á við þau viðfangsefni sem þarf að leysa. Hjá útgefanda starfa um 46 aðilar, flestir við sérfræðistörf en ekki er hægt að útiloka að brottfall hluta starfsfólks komi til með að hafa áhrif á starfsemi félagsins. Það er mikilvægt fyrir félagið að geta laðað til sín og haldið í hæft starfsfólk. Félagið leggur áherslu á að bjóða góð starfsskilyrði og samkeppnishæf laun, en ekki er víst að því takist ávallt að laða til sín og/eða halda í það starfsfólk sem starfsemi félagsins þarfnast. Ef félagið getur ekki ráðið til sín hæft starfsfólk getur það haft neikvæð áhrif á getu þess til að þróa reksturinn.

1.2.5 Áhætta tengd stjórnsýslu-, dóms- eða gerðardómsmálum

Ljósleiðarinn er ekki og hefur ekki verið aðili að stjórnsýslu-, dóms- eða gerðardómsmálum sem kunna að hafa veruleg áhrif á fjárhagsstöðu félagsins eða arðsemi þess undanfarna tólf mánuði. Félaginu er enn fremur ekki kunnugt um að slík mál séu í farvatninu, þó að einu máli undanskildu. Sjá nánari umfjöllun kafla 2.5.1 „Stjórnsýslu-, dóms-, eða gerðardómsmál“ í útgefandalýsingu þessari. Ekki hefur verið gerð varúðarfærsla í ársreikningi 2021 vegna málaferla. Yfirlýsing þessi miðast við birtingu útgefandalýsingar þessarar.

1.2.6 Áhætta tengd reikningsskilaaðferðum

Frá og með árinu 2021 eru ársreikningar Ljósleiðarans gerðir í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla („IFRS“) og eru endurskoðaðir í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla (hér eftir „ISA“). Við gerð reikninganna er gerð sú krafa til stjórnenda að þeir leggi mat á ákveðin atriði í reikningsskilaaðferðum félagsins. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati. Alþjóðlegu reikningsskilastaðlarnir eru endurskoðaðir með reglulegu millibili. Breytingar á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum eða túlkunum á þeim geta haft áhrif á niðurstöðu árs- og árshlutareikninga félagsins í framtíðinni.

Nokkrir nýir alþjóðlegir reikningsskilastaðlar gilda um fjárhagsár sem byrja eftir 1. janúar 2021 en heimilt er að beita þeim fyrir gildistöku þeirra. Félagið hefur hins vegar ekki innleitt nýja eða breytta reikningsskilastaðla fyrr en heimilt var við gerð reikningsskila 2021. Sjá nánar skýringu nr. 18 í ársreikningi 2021 sem felldur er inn með tilvísun og myndar órjúfanlegan hluta af lýsingunni.

1.2.7 Orðsporsáhætta

Orðsporsáhætta felur í sér hættu á að slæm umfjöllun um félagið eða eigendur þess valdi félaginu fjárhagslegu tjóni. Neikvæð umfjöllun um Ljósleiðarann getur valdið fjárhagslegu tjóni til lengri eða skemmri tíma. Hættan á að starfsfólk eða aðilar tengdir útgefanda taki rangar ákvarðanir eða fari ekki eftir lögum og reglum er alltaf fyrir hendi. Félagið gaf út græn skuldabréf til að fjármagna hæfar grænar eignir undir Grænni fjármögnunarumgjörð OR og dótturfélaga⁶ Ef skuldabréfið uppfyllir ekki þær kröfur sem eru gerðar til græns skuldabréfs er hættu á að félagið fái neikvætt umtal meðal skuldabréfaeigenda grænu skuldabréfa félagsins, sem ekki geta lengur flokkað skuldabréfin sem græn skuldabréf. Hætta er á að fjárfestar hörfi frá því að fjárfesta í framtíðar skuldabréfaútgáfum félagsins (ef á við) og getur það haft takmarkandi áhrif á að félagið sækir framtíðar fjármögnun á markaði.

⁶ Sjá nánar - <https://www.ljosleidarinn.is/fjarmal>

1.3 Ytri áhættuþættir

1.3.1 Lagaleg áhætta

Laga- og reglugerðaráhætta er hættan á því að viðbætur eða breytingar í lagaumgjörð eða regluverki hafi áhrif á starfsemi Ljósleiðarans. Ljósleiðarinn er einkahlutafélag og starfar því skv. lögum nr. 138/1994 um einkahlutafélög. Félagið er jafnframt í eigu OR og ber því að fara eftir lögum nr. 136/2013 um Orkuveitu Reykjavíkur. Félagið er skilgreint sem „fjarskipta-fyrirtæki“ og er undir eftirliti Fjarskiptastofu, en henni er falið að hafa eftirlit með framkvæmd fjarskipta á Íslandi, sbr. lög nr. 75/2021 um Fjarskiptastofu. Stofnunin sinni eftirliti með fjarskiptum á grundvelli laga nr. 81/2003, um fjarskipti en þau eru að miklu leyti byggð á evrópski löggjöf en samkvæmt EES samningnum er skylt að innleiða tilskipanir frá ESB í íslenskan rétt. Markmið laganna er að tryggja hagkvæm og örugg fjarskipti hér á landi og efla virka samkeppni á fjarskiptamarkaði. Til að draga úr neikvæðum áhrifum laga- og reglugerðarbreytinga er fylgst með tillögum stjórnvalda að nýjum laga- og reglugerðarbreytingum í samráðsgátt Stjórnarráðsins og sjónarmiðum félagsins komið á framfæri til að gæta hagsmuna þess. Nánari umfjöllun um lagalegt umhverfi útgefanda má finna í kafla 2.5 „Lagalegt umhverfi útgefanda“.

Samningar sem útgefandi er aðili að geta falið í sér hættu á ágreiningi um túlkun á efni samninganna og slíkt getur leitt af sér fjárhagslegt tjón fyrir útgefanda. Þegar skuldabréfaflokkurinn LL 010641 GB hefur verið skráður á Aðalmarkað Nasdaq Iceland taka í gildi reglur Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, kt. 560269-4129, Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík, (hér eftir „Fjármálaeftirlitið“) nr. 1050/2012 um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja reglur nr. 320/2022 um aðgerðir gegn markaðssvikum, reglur 1470/2021, um upplýsingaskyldu útgefanda verðbréfa, og reglugerð nr. 1267/2021, um upplýsingagjöf og tilkynningarskyldu samkvæmt lögum nr. 20/2021, um upplýsingaskyldu útgefanda verðbréfa og flöggunarskyldu. Að auki gilda einnig reglur fyrir útgefendur fjármálagerninga sem gefnar voru út af Nasdaq Iceland, eins og þær eru á hverjum tíma, í samræmi við lög nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

Útgefandi heyrir undir samkeppnislög nr. 44/2005 og fylgist Samkeppniseftirlitið, kt. 410705-0600, Borgartúni 26, 105 Reykjavík með útgefanda eins og öðrum fyrirtækjum í landinu. Brot á samkeppnislögum getur haft takmarkandi áhrif á starfsemi útgefanda og haft fjárhagsleg áhrif sem og neikvæð áhrif á orðspor.

Fyrirgreind lög geta eins og önnur lög breyst með neikvæðum afleiðingum fyrir félagið. Ef það kemur í ljós að starfsemi útgefanda uppfyllir ekki þær kröfur sem gerðar eru í lögum og reglum kann það að hafa neikvæð áhrif á rekstur útgefanda, til að mynda þar sem orðspor félagsins bíður hnekki, félagið fær á sig sektir eða önnur viðurlög, eftirlitsaðilar grípa til annarra íþyngjandi úrræða gagnvart félaginu eða viðskiptavinir eða aðrir hagaðilar höfða dómsmál á hendur félaginu. Sá möguleiki er jafnframt fyrir hendi að sett verði ný lög sem útgefandi verður að lúta og geta haft neikvæð áhrif á starfsemi félagsins, arðsemi hans eða fjárhagsstöðu. Útgefandi getur ekki eðli máli samkvæmt ábyrgst áhrif lagabreytinga, dómsúrskurða eða annarra stjórnvaldsákvarðana.

1.3.2 Áhætta tengd samkeppni

Mikil samkeppni getur leitt til verðlækkana, hærri markaðskostnaðar, meiri fjárfestinga en áætlanir gera ráð fyrir og minni tekna sem getur haft neikvæð áhrif á arðsemi félagsins.

Útgefandi er sem stendur annar stærsti aðilinn á markaðnum en Míla ehf., kt. 460207-1690, Stórhöfða 22-30, 110 Reykjavík, dótturfélag Símans hf., kt. 460207-0880, Ármúla 25, 108 Reykjavík, (hér eftir „Míla“), hefur verið ráðandi aðili frá stofnun útgefanda en saman eru félögin með á bilinu 93-97% markaðshlutdeild. Fjarskiptastofa hefur skilgreint Mílu sem fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk og hefur því lagt á starfsemi Mílu ýmsar kvaðir og hefur markaðshlutdeild þess fyrirtækis minnkað undanfarinn áratug eins og kemur fram í markaðsgreiningu Fjarskiptastofu frá 2021. Hætta er á að þær kvaðir sem eru til staðar skili ekki tilætluðum árangri og ekki takist að viðhalda heilbrigðri samkeppni á markaðnum sem hefði neikvæð áhrif á starfsemi útgefanda.

Í október 2021 samdi franska sjóðastýringafyrirtækið Ardian við Símann hf. um kaup á Mílu og eru kaupin nú til skoðunar hjá Samkeppniseftirlitinu. Ef kaupin verða samþykkt er Ljósleiðarinn komin í samkeppni við alþjóðlegan aðila sem mun e.t.v. hafa meira bolmagn til fjárfestinga en Míla hefur nú þegar og getur unnið hraðar í uppbyggingu á sínum kerfum og netum.⁷ Auknir fjármunir til uppbyggingar á ljósleiðaranetum á Íslandi geta einnig styrkt Ljósleiðarann í ljósi samstarfs félagsins við Mílu um lagningu ljósleiðara undanfarin ár. Ef salan gengur eftir mun að öllum líkindum staða helsta samkeppnisaðila útgefanda batna hvað varðar fjárhagslegan stuðning og erlenda sérfræðikunnáttu sem gæti haft áhrif á rekstur félagsins. Ef útgefandi nær ekki að keppa við samkeppnisaðila í verði, gæðum og þjónustu til að uppfylla þarfir viðskiptavina getur það haft neikvæð áhrif á félagið.

1.3.3 Umhverfisáhætta

Ýmis áhætta tengd jarðhræringum og eldvirkni getur valdið tjóni á ljósleiðaraneti útgefanda og getur því haft neikvæð áhrif á möguleika félagsins til lengri eða skemmri tíma til að nota ljósleiðaranet til tekjuöflunar. Náttúruvá getur haft neikvæð áhrif á rekstur, s.s. kostnað og fjárfestingar og þar af leiðandi getu félagsins til að standa við skuldbindingar sínar. Kerfi Ljósleiðarans er þó þannig uppbyggt að ljósleiðarastrengir eru lagðir í rör sem verja þá í jörðu. Þá er stofn og aðgangskerfið byggt upp með þeim hætti að varaleiðir eru til staðar um aðra ljósleiðarastrengi til að lágmarka áhættur sem þessar.

1.3.4 Pólitísk áhætta

Pólitísk áhætta varðar neikvæð áhrif þess að hagsmunir Ljósleiðarans víki fyrir öðrum sjónarmiðum við stjórnun fyrirtækisins, m.a. vegna almenningsálits eða annars utanaðkomandi þrýstings. Ákvarðanir stjórnvalda ráðast af þeim stjórnsmálaflokkum sem eru við völd hverju sinni og geta þær haft bein eða óbein áhrif á starfsemi útgefanda. Til að draga úr neikvæðum áhrifum vegna hagsmunaárekstra er lögð áhersla á að halda viðskiptavinum, eigendum og almenningi upplýstum um rekstur félagsins og ástæður erfiðra ákvarðana og að þær séu teknar með langtímahagsmuni Ljósleiðarans í huga.

1.3.5 Áhætta tengd almennu efnahagsumhverfi

Þróun efnahagsmála á Íslandi, svo sem hagvöxtur, atvinnustig, verðbólga og staða helstu atvinnugreina viðskiptalanda Íslands getur haft áhrif á fjárhagsstöðu fyrirtækja á Íslandi, auk þess sem þróun efnahagsmála erlendis getur haft áhrif á efnahagsástand á Íslandi. Starfsemi Ljósleiðarans er fólgin í að starfrækja ljósleiðaranet fyrir heimili og fyrirtæki í kringum landið. Útgefandi fjármagnar sig að hluta til með lántöku og hafa sveiflur í efnahagsumhverfi áhrif á

⁷ Sjá nánar - „Míla mun fjárfesta hraðar í uppbyggingu“
<https://www.frettabladid.is/markadurinn/mila-mun-fjarfesta-hradar-i-uppbyggingu/>

skuldir þess. Þættir tengdir almennu efnahagsumhverfi og aðrir utanaðkomandi þættir eru utan áhrifasviðs stjórnar og stjórnenda félagsins.

1.3.6 Skattaleg áhætta

Ljósleiðarinn er einkahlutafélag og ber því ótakmarkaða skattskyldu á Íslandi, sbr. 2. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Skattlagning á tekjur lögaðila sbr. lög nr. 90/2003 um tekju- og eignaskatt, ásamt lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt og lög um stimpilgjald nr. 138/2013 eru dæmi um skattheimtu sem máli skiptir fyrir útgefanda. Breytingar á lögum og reglum varðandi beina og óbeina skattheimtu lögaðila geta haft áhrif og dregið úr arðsemi útgefanda og þar með hæfni hans til að standa við skuldbindingar sínar.

2 Upplýsingar um útgefandann

Lögformlegt heiti og viðskiptaheiti:	Ljósleiðarinn ehf. / Ljósleiðarinn
Kennitala:	691206-3780
Félagaform:	Einkahlutafélag
Stofndagur:	1.1.2007
Höfuðstöðvar og heimilisfang:	Bæjarháls 1, 110 Reykjavík
Vefsíða:	www.ljosleidarinn.is ⁸
Símanúmer:	516-7777
LEI númer:	549300KJIPL1Q1N6FB19

Útgefandi er einkahlutafélag sem stofnað var árið 2007 undir nafninu Gagnaveita Reykjavíkur en þann 2. nóvember 2021 skipti félagið um nafn og heitir nú Ljósleiðarinn. Félagið er í 100% eigu Orkuveitu Reykjavíkur, kt. 551298-3029, Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík (hér eftir „**Orkuveita Reykjavíkur**“ eða „**OR**“). Tilgangur félagsins er rekstur fjarskipta- og gagnaflutningskerfis og skyld starfsemi, lánastarfsemi, rekstur fasteigna og annað sem þarf til reksturs félagsins. Ljósleiðarinn býður heimilum, fyrirtækjum og stofnunum aðgang að háhraða gagnaflutningskerfi um ljósleiðarnet. Einnig að reka og byggja upp fjarskiptakerfi sem stuðlar að auknum lífsgæðum fólks á öllu landinu, en traust og öflugt netsamband er einn af mikilvægustu þáttum daglegs lífs í nútíma samfélagi.

Frá upphafi hefur Ljósleiðarinn lagt áherslu á að tryggja viðskiptavinum háhraðanetsamband. Félagið hefur verið brautryðjandi í ljósleiðaratengingum heimila á Íslandi síðustu 15 árin og nú veita öll stærstu fjarskipta- og fjölmiðlafyrirtæki landsins þjónustu sína um opið net þess. Í upphafi var áhersla lögð á ljósleiðaravæðingu heimila og sölu á ljósleiðara til stofnana og fyrirtækja. Á árinu 2016 var hins vegar tekin ákvörðun um að sækja enn frekar á fyrirtækjamarkað.

Útgefandi er eitt af⁹ dótturfélögum OR en auk hans eru Veitur ohf. sem annast hitaveitu, rafveitu og vatns- og fráveitu, Orka náttúrunnar ohf. sem framleiðir og selur rafmagn og Carbfix Iceland ohf. sem er að þróa aðferð til að binda kolefni. Dótturfélögin kaupa þjónustu af stoðsviðum OR og eru í gildi þjónustusamningar á milli Ljósleiðarans og stoðsviða OR sem sjá um rekstur fjármálatengdra kerfa, fjármögnunar, reikningshalds, gæðamála og tæknibúnaðar starfsfólks og rekstur kerfa. Öll mannauðsþjónusta er í móðurfélagi, ráðningar á starfsfólki, umsjón með launagreiðslum og námskeiðum fyrir starfsfólk.

Samkvæmt samþykktum útgefanda eru stefnur fyrir félagið og framtíðarsýn í samræmi við eigendastefnu OR og er stefnumörkun útgefanda gerð í samræmi við stefnumörkun og reglur OR. Sjá nánari umfjöllun í kafla 2.4 „*Stefna og stefnumótun*.“ Fimm aðilar í stjórn og varastjórn eru starfsfólk OR. Sjá nánar kafla 2.7.3 „*Stjórn og framkvæmdastjórn*“.

Mynd 1: Yfirlitsmynd sem sýnir félög samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur

⁸ Upplýsingar á vefsetri eru ekki hluti lýsingarinnar nema þær upplýsingar sem felldar eru inn í lýsinguna með tilvísun.

⁹ Tvö dótturfélög eru til viðbótar innan samstæðu OR en þau eru sett á laggirnar af skattalegum ástæðum, m.a. vegna starfsemi sem er ekki skattskyld, til að nýta samsköttunarheimildir og eða vegna uppgjors í erlendra mynt.



2.1 Starfsemi


2.1.1 Skipulag Ljósleiðarans

Í starfsemi Ljósleiðarans er unnið eftir hugmyndafræði verkefnaemningar og skiptist félagið í tvö svið:

Tækni: Uppbygging og rekstur á fjarskiptakerfum, sem samanstanda af ljósleiðarakerfi og netkerfum.

Þjónusta: Undir þjónustu er uppbygging og rekstur ljósleiðarakerfis, uppsetning ljósleiðara innan heimila og fyrirtækja og tæknileg aðstoð við viðskiptavinum. Þjónusta til fjarskiptafélaga og annarra aðila sem kaupa þjónustu Ljósleiðarans.

Mynd 2: Skipulag Ljósleiðarans



Meginstarfsemi félagsins gengur út á að leggja og reka ljósleiðaranet á landinu og bjóða aðgang að því til sölu. Núverandi ljósleiðaranet félagsins nær til 110.000 heimila og getur náð til um 10.000 fyrirtækja og stofnana. Stærsti hluti tekna Ljósleiðarans er í formi aðgangs- og þjónustugjalda frá viðskiptavinum en þau eru innheimt af fjarskiptafyrirtækjum. Starfsfólk félagsins er 46 talsins sem starfa flestir við sérfræðistörf. Einnig er þjónusta verktaka notuð þar sem það á við m.a. til að stýra árstíðabundnum sveiflum og öðrum álagspunktum í starfsemi. Ljósleiðarinn hefur innleitt stjórnunarkerfi í samræmi við alþjóðlega staðla og kröfur löggjafans. Virkni kerfanna er sannprófuð reglulega með úttektum óháðra faggiltra aðila og eru í gildi til ársins 2023. Þeir staðlar sem sérstaklega eiga við eru ISO9001 alþjóðlegur

gæðastjórnunarstaðall, ISO27001 alþjóðlegur staðall um stjórnun upplýsingaöryggis og ÍST85 íslenskur staðall um jafnlaunakerfi.

2.2 Markaðurinn

Ljósleiðarinn starfar á fjarskiptamarkaði en hann heyrir undir eftirlit Fjarskiptastofu sem starfar skv. lögum nr. 75/2021 um Fjarskiptastofu. Eitt af verkefnum hennar er að framkvæma greiningu á fjarskiptamarkaðnum með það fyrir augum að skilgreina markaðinn og helstu samkeppnisaðila. Í markaðsgreiningu Fjarskiptastofu frá árinu 2021 kemur fram að Ljósleiðarinn starfar á tveimur mörkuðum; heildsölumarkaði fyrir staðaraðgang með fasttengingu og heildsölumarkaði fyrir miðlægan aðgang með fasttengingu fyrir fjöldaframleiddar vörur¹⁰.

Heildsölumarkaður fyrir staðaraðgang með fasttengingu (Heimtaugamarkaður¹¹)

Samkvæmt markaðsgreiningu Fjarskiptastofu 2021 eru Míla, Ljósleiðarinn og Tengir hf., kt. 660702-2880, Fjölnisgötu 6c, 603 Akureyri (hér eftir „**Tengir**“) með samanlagt um 98% markaðshlutdeild, en auk þeirra er fjöldi staðbundinna aðgangsneta sem sveitafélög hafa haft forgöngu um að leggja með stuðningi ríkisins í flestum tilfellum. Hin smáa staðbundnu net eru samanlagt með innan við 2% markaðshlutdeild á viðkomandi markaði og bjóða eingöngu opinn aðgang að ljósleiðaraheimtaugum sínum (e. *dark fiber*). Í árslok 2020 var Míla með um 57% markaðshlutdeild, Ljósleiðarinn með um 36% og Tengir með 5% markaðshlutdeild. Samkvæmt ákvörðun Fjarskiptastofu¹² er Míla skilgreind sem aðili með umtalsverðan markaðsstyrk á heimtaugamarkaði.

Heildsölumarkaður fyrir miðlægan aðgang með fasttengingu fyrir fjöldaframleiddar vörur (Bitastrauksmarkaður¹³)

Helstu fyrirtækin á markaðnum eru Míla með 57% markaðshlutdeild, Ljósleiðarinn með 40%, Tengir með 2% og Vodafone <1%. Mikil samþjöppun er á markaðnum og eru Míla og Ljósleiðarinn með samanlagt um 97% markaðshlutdeild. Frá því að markaðsgreining fór fram árið 2014 hefur markaðshlutdeild Mílu lækkað úr 83% niður í 57% í árslok 2020. Fjarskiptastofa telur að þó markaðshlutdeildin hafi lækkað nokkuð þá sé hún enn það há að hún gefi mjög sterka vísbendingu um umtalsverðan markaðsstyrk.

Niðurstöður markaðsgreiningar Fjarskiptastofu frá 2021 eru að Míla er skilgreind með umtalsverðan markaðsstyrk¹⁴ á bæði heimtauga- og bitastrauksmarkaði skv. 1 mgr. 18. gr. fjarskiptalaga og þarf því að lúta ýmsum kvöðum í þeim tilgangi að efla samkeppni á markaðnum.

¹⁰ Markaðsgreining Fjarskiptastofu 2021. Sjá nánar: <https://www.fjarskiptastofa.is/library?itemid=90a3be67-565c-4c00-82ff-865cf81e9459>

¹¹ Aðgangsnét (heimtaug) á fastlinu, bæði kopar og ljósleiðara, og tengdri aðstöðu, ásamt sýndarlausnum (VULA), sem uppfylla sömu þarfir og heimtaugaleiga.

¹² Útnefning fyrirtækja með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á heildsölumörkuðum fyrir staðaraðgang með fasttengingu (markaður 3a) og miðlægan aðgang með fasttengingu fyrir fjöldaframleiddar vörur (markaður 3b). Sjá nánar: https://www.fjarskiptastofa.is/fjarskiptastofa/stjornsysla/akvardanir-og-urskurdir/akvordun/%C3%9Arlausnir/5-2021_FST

¹³ Tenging milli endanotanda og aðgangspunkts sem er miðlægur í fjarskiptaneti og notaðar eru til að veita hefðbundinn internetaðgang ásamt tengdri þjónustu.

¹⁴ Skv. 6. mgr. 2. gr. reglugerðar um markaðsgreiningar á sviði fjarskipta teljast fyrirtæki hafa umtalsverðan markaðsstyrk ef það eitt sér eða með öðrum hefur þann efnahagslega styrkleika á ákveðnum markaði að geta hindrað virka samkeppni og það getur að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppnauta, viðskiptavina og neytenda. Sjá nánar: <https://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/sm/nr/15784>

Markaðssvæði Ljósleiðarans er landið allt en í dag hefur félagið yfir að ráða ljósleiðaraneti til heimila og fyrirtækja á suðvesturhorni landsins. Núverandi ljósleiðarakerfi félagsins nær til Norðurlands með samtengingu við önnur kerfi. Öll stærstu fjarskiptafélög landsins veita þjónustu um kerfi Ljósleiðarans.

2.3 Fjárfestingar og framkvæmdir

Fyrirhugaðar fjárfestingar Ljósleiðarans næstu árin eru annars vegar styrking á grunnkerfi í tengslum við komu nýs sæstrengs Farice og frekari viðskiptatækifæra á landsvísu, og hins vegar stækkun á þjónustusvæði með tilheyrandi fjölgun á notendum, bæði fyrirtæki og heimili. Fyrirhugaðar framkvæmdir eru á Suðurnesjum og Árborg næstu árin með tengingum við 4.700 íbúðir. Ljósleiðarinn gerir ráð fyrir áframhaldandi samstarfi við Mílu um jarðvinnu. Vilji Ljósleiðarans er að ljósleiðaravæðing landsins verði kláruð í samvinnu milli markaðsaðila neytendum til hagsbóta. Ísland stendur framarlega í fjarskiptamálum en klára þarf það sem eftir er af ljósleiðaravæðingu um landið til að íslenskt samfélag standist samkeppni við aðrar þjóðir. Fjárfestingar í lagningu ljósleiðaranets til nýrra þéttbýliskjarna þurfa að vera fjárhagslega hagkvæmar fyrir heildarhagsmuni Ljósleiðarans og að tryggt sé aðgengi að stofnnetum.

2.4 Stefna og stefnumótun

Samkvæmt samþykktum félagsins setur stjórn Ljósleiðarans heildarstefnu fyrir félagið og framtíðarsýn í samræmi við eigendastefnu Orkuveitu Reykjavíkur. Heildarstefna Ljósleiðarans byggist á heildarstefnu OR og eigendastefnu¹⁵. Stefnumörkun félagsins á því að vera í samræmi við stefnumörkun og reglur OR eins og kemur fram í gr. 4.4. í samþykktum félagsins. Þar eru skilgreindar þær stefnur sem stjórn skal setja félaginu og við mótun þeirra þarf að gæta að samræmi stefnunnar við samsvarandi stefnu OR:

Arðstefna	Áhættustefna
Gæðastefna	Innkaupastefna
Jafnréttisstefna	Starfskjarastefna
Mannauðsstefna	Stefna í upplýsingatæknimálum
Siðareglur	Upplýsingaöryggisstefna
Umhverfis- og auðlindastefna	Persónuverndarstefna
Stefna um öryggis-, heilsu- og vinnuvernd ¹⁶	

2.5 Lagalegt umhverfi útgefanda

Útgefandi er einkahlutafélag skv. lögum nr. 138/1994 um einkahlutafélög, skráð á Íslandi. Meðal laga sem félaginu ber að fylgja eru lög nr. 3/2006 um ársreikninga og lög nr. 145/1994 um bókhald. Ljósleiðarinn er í eigu Orkuveitu Reykjavíkur (OR) og þarf félagið að fara eftir lögum nr. 136/2013 um Orkuveitu Reykjavíkur. Opinbert eignarhald og lagaleg staða

¹⁵ Sjá nánar - Eigendastefnu OR: <https://www.or.is/um-or/skipulag-og-stjornhaettir/eigendastefna/>

¹⁶ Stefnumörkun félagsins er hægt að nálgast á vefsíðu útgefanda: <https://www.ljosleidarinn.is/stefnur>

fyrirtækisins í ljósi þess leiða til þess að það fellur undir lög nr. 140/2012 um upplýsingalög og lög nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn. Ljósleiðarinn er hins vegar undanþeginn upplýsingalögum á grundvelli sérstakrar ákvörðunar forsætisráðherra þar um, sbr. auglýsingu nr. 929/2021, enda rekið að fullu í samkeppni.¹⁷ Þá lýtur félagið íslenskri skattalöggjöf svo sem lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt, lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, lögum nr. 138/2013 um stimpilgjald og lögum um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001. Samkeppnislög nr. 44/2005 gilda einnig um félagið eins og önnur fyrirtæki sem starfa á samkeppnismarkaði.

Sértæk lög um starfsemina eru helst þau að Ljósleiðarinn sem fjarskiptafyrirtæki þarf að fara eftir lögum nr. 81/2003 um fjarskipti og við lagningu á ljósleiðaraneti félagsins þarf að fylgja byggingarreglugerð nr. 112/2012. Frá því að skuldabréf félagsins verða rafrænt skráð og tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði mun félagið þurfa að fylgja lögum og reglum sem gilda um útgefendur fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, eins og þau eru á hverjum tíma m.a. lögum nr. 20/2021 um upplýsinga-skyldu verðbréfa og flöggunarskyldu, lögum nr. 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum ásamt afleiddum reglugerðum, reglum Seðlabanka Íslands og reglum Nasdaq fyrir útgefendur fjármálagerninga.

Nánari umfjöllun um lagalega áhættu sem tengist útgefanda má finna í kafla 1.3.1 „Lagaleg áhætta“ hér að framan.

2.5.1 Stjórnsýslu-, dóms-, og gerðardómsmál

Ljósleiðarinn er ekki og hefur ekki verið aðili að stjórnsýslu-, dóms- eða gerðardómsmálum sem kunna að hafa veruleg áhrif á fjárhagsstöðu félagsins eða arðsemi þess undanfarna tólf mánuði. Félaginu er enn fremur ekki kunnugt um að slík mál séu í farvatninu að einu máli undanskildu auk annars á stjórnsýslustigi sbr. hér að neðan. Í því fyrra felst að þann 5. mars 2019 sendi lögmaður Ljósleiðarans Símanum kröfu um fébætur vegna tjóns sem fyrirtækið telur sig hafa orðið fyrir vegna brots á fjölmiðlalögum, sem Póst- og fjarskiptastofnun (hér eftir „PFS“) (nú Fjarskiptastofa) birti ákvörðun um þann 3. júlí 2018. Nemur krafa Ljósleiðarans um 1,3 milljörðum króna vegna tapaðra tekna, kostnaðar og vaxta. Óskað var formlegra viðbragða frá Símanum. Framangreindu bréfi svöruðu lögmenn Símans með bréfi dags. 19. mars 2019 þar sem Síminn hafnaði kröfunni alfarið. Síminn höfðaði dómsmál á hendur PFS, Ljósleiðaranum, og Sýn hf. vegna ákvörðunar PFS um lögbrotið. Dómur héraðsdóms var kveðinn upp þann 1. júlí 2020, þar sem ákvörðun PFS var staðfest, þó með nokkrum breytingum á forsendum. Málinu var áfrýjað til Landsréttar af Símanum, PFS og Sýn og bíður þar nú meðferðar. Yfirlýsing þessi miðast við birtingu útgefandalýsingar þessarar. Ekkert hefur verið fært vegna þessarar kröfu í ársreikning félagsins.

Þá er til meðferðar mál fyrir úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála er varðar framkvæmd fjárhagslegs aðskilnaðar Ljósleiðarans á árunum 2018-2020. Þann 17. mars 2022 kærði Síminn hf. til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, ákvörðun Fjarskiptastofnu (FST) nr. 1/2022, um framkvæmd fjárhagslegs aðskilnaðar hjá Ljósleiðaranum en með ákvörðuninni birti FST niðurstöðu sína varðandi framkvæmd á fjárhagslegum aðskilnaði félagsins innan samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur (OR). Sem fyrr segir tók úttektin til tímabilsins 2018-2020 og byggði á bókhalds- og rekstrargögnum þessara ára. Um er að ræða reglubundið eftirlit með

¹⁷ Sjá nánar - 5. tl. 1. gr. auglýsingar nr. 929/2021 um undanþágu lögaðila frá upplýsingalögum, sem birt var í Stjórnartíðindum 17. ágúst 2021: <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=4189f00a-6afb-4f30-8955-74ea1b38cb77>

fjárhagslegum aðskilnaði sbr. 36. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003. Niðurstaða FST var að fjárhagslegur aðskilnaður OR og Ljósleiðarans á framangreindu tímabili hafi verið í samræmi við 36. gr. fjarskiptalaga. Með kærinni krefst Síminn þess að ákvörðun FST verði felld úr gildi og að frekari rannsókn á fjárhagslegum aðskilnaði milli OR og Ljósleiðarans eigi sér stað. Það er mat Ljósleiðarans að málatilbúnaður Símans eigi ekki við rök að styðjast og vinnur nú að gerð umsagnar vegna málsins.

Í 36 gr. laga kemur fram að „Fjarskiptafyrirtæki eða fyrirtækjasamstæður sem reka almenn fjarskiptanet eða veita almenna fjarskiptapjónustu og njóta einka- eða sérréttinda á öðru sviði en fjarskiptum skulu halda fjarskiptastarfsemi sinni fjárhagslega aðskilinni frá annarri starfsemi eins og um óskyld fyrirtæki væri að ræða. Skal þess gætt að samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur af einkaleyfisstarfsemi eða verndaðri starfsemi.“ Stjórnendur Ljósleiðarans telja möguleg áhrif málsins vera hverfandi fyrir félagið, hvort sem þau væru fjárhagsleg eða skipulagsleg.

2.6 Fjárhagsupplýsingar

Sögulegar fjárhagsupplýsingar í lýsingunni ná yfir tímabilið 1. janúar 2020 – 31. desember 2021. Ársreikninga Ljósleiðarans fyrir árin 2020 og 2021 má finna í kafla 3.1.2. „*Skjöl felld inn með tilvísun*“, ásamt skýringum, skýrslu stjórnar og áritun óháðs endurskoðanda. Ársreikningur 2020 var unnin í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006 en samanburðarfjárhæðum verður breytt m.t.t. IFRS í ársreikningi 2021. Ársreikningur 2021 var gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla („**IFRS**“) sbr. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1606/2002, um beitingu IFRS og hafa lagagildi á Íslandi skv. lögum nr. 3/2006, um ársreikninga og viðbótarkröfur sem koma fram í íslenskum lögum og reglum um ársreikninga skráðra félaga. Stjórn og framkvæmdastjóri félagsins eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikninganna. Upplýsingar fyrir árið 2021 eru fengnar úr endurskoðuðum ársreikningi 2021 skv. IFRS og óendurskoðuðum samanburðar tölum 2020 skv. IFRS. Fyrrgreindir endurskoðaðir ársreikningar hafa verið felldir inn með tilvísun og skoðast sem órjúfanlegur hluti af útgefandalýsingunni. Sjá nánar kafla 3.1.2 „*Skjöl felld inn með tilvísun*“.

Ekki hafa orðið neinar verulegar óæskilegar breytingar á framtíðarhorfum útgefanda frá dagsetningu síðustu birtu endurskoðuðu reikningsskila útgefanda.

Engar verulegar breytingar á fjárhagslegri afkomu eða fjárhagsstöðu útgefanda hafa átt sér stað frá lokum síðasta fjárhagstímabils þann 31. desember 2021 til dagsetningar útgefandalýsingar þessarar.

Samandregnar fjárhagsupplýsingar*

Í eftirfarandi töflu eru rekstrarreikningur útgefanda fyrir árin 2020 og 2021.

Rekstrarreikningur	2021	2020
Rekstrartekjur	3.395.618	3.109.609
Laun og rekstrartengd gjöld	(285.026)	(253.963)
Annar rekstrarkostnaður	(724.176)	(628.145)
Rekstrarkostnaður samtals	(1.009.202)	(882.108)

Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)	2.386.415	2.227.501
Afskriftir	(1.197.735)	(1.093.100)
Rekstrarhagnaður (EBIT)	1.188.680	1.134.401
Vaxtatekjur	5.053	684
Vaxtagjöld og verðbætur	(849.393)	(745.173)
Gengismunur	(2.679)	419
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	(847.019)	(744.070)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	341.661	390.331
Tekjuskattur	(68.336)	(78.070)
Hagnaður ársins	273.325	312.261

**fjárhæðir í þúsundum króna*

Hagnaður af rekstri Ljósleiðarans á árinu 2021 nam 273,3 m.kr., samanborið við 312,3 m.kr. árið 2020. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) jókst um 159 m.kr. sem skýrist af hækkun rekstrartekna. Vaxtagjöld og verðbætur síðasta árs hækkuðu um rúmar 100 m.kr. eða 14% sem er tilkomin vegna hækkunar áfallinna verðbóta. Hagnaður félagsins lækkar þó um 40 m.kr. milli ára.

Í eftirfarandi töflu eru að finna efnahagsreikning útgefanda fyrir árin 2020 og 2021.

Efnahagsreikningur	2021	2020
Eignir		
Varanlegir rekstrarfjármunir	27.751.777	22.817.809
Fjárfestingarbirgðir	0	14.750
Leigueign	636.101	657.583
Fastafjármunir samtals	28.387.878	23.490.142
Viðskiptakröfur	394.502	423.319
Aðrar skammtímakröfur	705.934	68.433
Handbært fé	32.501	30.221
Veltufjármunir samtals	1.132.938	521.973
Eignir samtals	29.520.816	24.012.114
Eigið fé		
Hlutfé	6.500.000	6.500.000
Endurmatsreikningur	3.626.615	870.456
Lögbundinn varasjóður	135.111	107.778
Óráðstafað eigið fé	1.092.991	793.566
Eigið fé samtals	11.354.716	8.271.800
Skuldir		
Vaxtaberandi skuldir	14.269.376	12.803.716
Tekjuskattsskuldbinding	1.308.097	556.124
Leiguskuld	597.779	613.032
Langtímaskuldir og skuldbindingar samtals	16.175.252	13.972.872
Viðskiptaskuldir	311.558	156.376
Ógreiddir reiknaðir skattar	18.760	0
Aðrar skammtímaskuldir	374.040	262.477
Næsta árs afborgun vaxtaberandi skulda	1.215.615	1.281.415
Næsta árs afborgun leiguskulda	70.875	67.173
Skammtímaskuldir samtals	1.990.848	1.767.442
Skuldir samtals	18.166.100	15.740.314
Eigið fé og skuldir samtals	29.520.816	24.012.114

Eignir félagsins jukust um 5,5 ma. kr. á árinu sem skýrist að stærstum hluta vegna endurmats á eignum en Ljósleiðarkerfið var endurmetið í september 2021. Í lok árs 2021 námu aðrar skammtímakröfur 705 m.kr., en þar af voru kröfur á tengda aðila (OR) um 572 m.kr. Í lok árs 2020 voru aðrar skammtímakröfur aftur á móti 68,4 m.kr., en þar af voru um 29 m.kr. kröfur á tengda aðila, nánar tiltekið OR.

Í lok árs 2021 námu vaxtaberandi skuldir 15,5 mö.kr., þar af voru 6,8 ma.kr. verðtryggðar skuldir og 8,7 ma.kr. óverðtryggðar skuldir. Til samanburðar þá námu vaxtaberandi skuldir 14,0 mö.kr. í lok árs 2020, þar af voru 5,7 ma.kr. verðtryggðar og 8,4 ma.kr. óverðtryggðar. Skuldir jukust heilt yfir um rúmlega 2,4 ma.kr. en stærstur hluti þess er vegna

skuldabréfaútgáfu félagsins á árinu en gefin voru út skuldabréf að fjárhæð 6,1 ma.kr. að nafnvirði til sem nýttist í nýja fjármögnun og endurfjármögnun á félaginu. Fjármögnun félagsins að fjárhæð 11,2 ma.kr. í lok árs 2021 eru með tilteknum fjárhagsskilyrðum sem snúa m.a. að hlutföllum endurgreiðslutíma lána miðað við EBITDA og vaxta sem hlutfall af EBTIDA, samanborið við fjármögnun að fjárhæð 5,0 ma.kr. í lok árs 2020. Í lok árs 2021 stóðst félagið öll fjárhagsleg skilyrði.

Í eftirfarandi töflu er að finna sjóðstreymi útgefanda árin 2020 og 2021.

Sjóðstreymi	2021	2020
Rekstrarhreyfingar		
Hagnaður ársins	273.325	312.261
Leiðrétt fyrir:		
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	847.019	744.070
Tekjuskattur	68.336	78.070
Afskriftir	1.197.735	1.093.100
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta	2.386.415	2.227.501
Skammtímakröfur, lækkun	(65.405)	84.777
Skammtímakröfur, hækkun	168.555	(92.223)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta	2.489.566	2.220.055
Innborgaðar vaxtatekjur	5.053	684
Greidd vaxtagjöld	(560.227)	(560.302)
Handbært fé frá rekstri	1.934.392	1.660.436
Fjárfestingarhreyfingar		
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	(2.479.424)	(1.968.350)
Fjárfestingarbirgðir	14.750	1.438
Fé í ávöxtun hjá tengdum félögum, breyting	(536.938)	11.485
Fjárfestingarhreyfingar	(3.001.613)	(1.955.427)
Fjármögnunarhreyfingar		
Afborgun lána við lánastofnanir	(6.023.927)	(1.150.876)
Afborgun leiguskulda	(41.614)	(38.379)
Tekin ný langtímalán	7.134.330	1.430.000
Fjármögnunarhreyfingar	1.068.789	240.745
(Lækkun) hækkun á handbæru fé	1.568	(54.246)
Handbært fé í ársbyrjun	30.221	84.467
Gengismunur handbærs fjár	712	0
Handbært fé í árslok	32.501	30.221
Fjárfesting og fjármögnun án greiðsluáhrifa		
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	(88.936)	103.362
Skammtímaskuldir, breyting	88.936	(103.362)

Aðrar upplýsingar		
Veltufé frá rekstri	1.809.569	1.681.437
Veltufé frá rekstri greiddist þannig		
Hagnaður ársins	273.325	312.261
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á sjóðstreymi:		
Afskriftir	1.197.735	1.093.100
Verðbætur langtímalána	288.933	198.006
Tekjuskattsskuldbinding	49.576	78.070
Veltufé frá rekstri	1.809.569	1.681.437

Meðal fjárfestingahreyfinga var aukning í fjárfestingum í varanlegum rekstrarfjármunum um rúmar 500 m.kr. úr um 2,0 ma.kr. í um 2,5 ma.kr. Einnig fóru rúmar 500 m.kr. í ávöxtun hjá móðurfélagi. Tekin voru ný langtímalán á árinu fyrir 7,1 ma.kr. og eldri lán greidd upp að fjárhæð 6 ma.kr. Veltufé frá rekstri jókst um 128 m.kr eða 7,6%.

Nánari upplýsingar um fjárhag félagsins er að finna í ársreikningum 2021 og 2020 í kafla 3.1.2 „Skjöl felld inn með tilvísun“.

2.6.1 Mat á eignum útgefanda

Eignir félagsins samanstanda nær einungis af varanlegum rekstrarfjármunum sem innihalda ljósleiðarakerfi þess. Sem hluti af reglubundnu eftirliti með eignum félagsins var gert endurmat í september sl. sem leiddi í ljós hækkun á bókfærðu virði um 3.512 m.kr. Endurmat er fært á sérstakan endurmatsreikning meðal eigin fjár að frádregnum tekjuskatti. Virðisrýrnunarpróf var einnig framkvæmt miðað við stöðu eigna í lok september 2021 til að staðfesta hvort eignir í notkun stæðu undir væntu framtíðarsjóðstreymi. Niðurstaða virðisrýrnunarprófs leiddi ekki til virðisrýrnunar. Virðisrýrnun er færð þegar bókfært verð eignar er hærra en endurheimtanleg fjárhæð. Endurheimtanleg fjárhæð eigna er nýtingarvirði sem er fundið með því að núvirða framtíðarsjóðstreymi. Við útreikning er miðað við afvöxtunarhlutfall fyrir skatta sem endurspeglar núgildandi mat markaðar á tímavirði peninga og þeirri sérstöku áhættu sem eignin felur í sér. Á hverjum uppgjörstigi er lagt mat á hvort vísbendingar séu til staðar um virðisrýrnun. Virðisrýrnun er færð í rekstrarreikning, nema að því marki sem um er að ræða viðsnúning á áður færðri endurmatshækkun sem færa skal til lækkunar á sérstökum endurmatsreikningi.

Gangvirði eignanna er ákvarðað út frá afskrifuðu endurstofnsverði. Það felur í sér að lagt er mat á breytingar á kostnaðarverði samskonar eigna og bæði stofnverð og uppsafnaðar afskriftir endurmetnar í samræmi við þær breytingar. Við þennan útreikning er stuðst við opinberar upplýsingar og rauntölur úr bókhaldi Ljósleiðarans um verðbreytingar á kostnaðarliðum og tekið tillit til áætlunar um vægi hvers kostnaðarliðar í heildarkostnaði við byggingu samskonar eigna. Kostnaðarliðir og hlutfallslegt vægi þeirra er ákvarðað af sérfræðingum. Þegar varanlegir rekstrarfjármunir eru samsettir úr einingum með ólíkan nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar og afskrifaðar miðað við nýtingartímann.

2.7 Stjórnarhættir, stjórn, framkvæmdarstjórn og endurskoðunarnefnd

2.7.1 Stjórnarhættir

Stjórnarhættir Ljósleiðarans taka mið af lögum nr. 136/2013 um Orkuveitu Reykjavíkur, lögum nr. 138/1994 um einkahlutafélög, sameignarsamningi OR¹⁸, eigendastefnu OR¹⁹, samþykktum útgefanda (sjá kafla 3.1.2 „*Skjöl felld inn með tilvísun*“) og siðareglum Ljósleiðarans²⁰. Stjórn hefur sett sér starfsreglur og við uppfærslu þeirra var stuðst við leiðbeiningar Viðskiptaráðs Íslands, Nasdaq á Íslandi og Samtaka Atvinnulífsins um stjórnhætti fyrirtækja sem tóku gildi júlí 2021 („*Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja*“)²¹.

Stjórn skal boða til hluthafafunda skv. 3.3. gr. samþykktu útgefanda með tilkynningu til hvers hluthafa í ábyrgðarbréfi, tölvupósti eða á annan jafn sannanlegan hátt. Aðalfund og aukafund skal boða með minnst sjö daga fyrirvara. Fundarefnis skal getið í fundarboði.

Samkvæmt 4.1 gr. samþykktu Ljósleiðarans dagsettu 27. apríl 2022 er stjórn kjörin á aðalfundi til eins árs í senn. Stjórn félagsins skal skipuð fimm einstaklingum og tveimur til vara. Skal tryggt að hlutfall hvors kyns sé ekki lægra en 40% meðal aðal- og varamanna og skulu hlutföllin í stjórn og varastjórn vera sem jöfnust. Að minnsta kosti þrjú aðalmanna ásamt varamönnum skulu vera starfsfólk samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur. Stjórnarfolk skal hafa staðgóða menntun sem nýtist í starfi og hafa reynslu og þekkingu á viðkomandi sviði. Stjórn skal sjálf skipta með sér verkum.

Stjórnarfolk skal ekki sitja í stjórn eða starfa hjá félögum í beinni samkeppni við félagið. Forstjóri OR, sem handhafi hlutafjár, gerir tillögu til aðalfundar um hverjir skulu kosnir í stjórn. Áður skal hann kynna tillögu að skipan stjórnar fyrir stjórn OR.

Samkvæmt 4.3 gr. samþykktu félagsins stýrir stjórn félagsins öllum málefnum félagsins milli hluthafafunda og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja aðila. Undirskrift meirihluta stjórnarfólks skuldbindur félagið. Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnarfólks sækir fund. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Verði atkvæði jöfn skal máli skotið til hluthafafundar. Halda skal fundargerðir um stjórnarfundir. Þá kveða samþykkti félagsins á um að stjórn skuli setja sér starfsreglur þar sem nánar skal kveðið á um störf hennar auk þess sem stjórn skal gera starfsáætlun fyrir hvert rekstrarár.

Framkvæmdarstjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri og kemur fram fyrir hönd stjórnar í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Ef upp koma aðstæður sem teljast óvenjulegar eða mikilsháttar skal framkvæmdastjóri ráðfæra sig við stjórn og eða hluthafafund varðandi ráðstafanir. Framkvæmdarstjóri sér um reikningshald og ráðningu starfslíðs en einnig skal hann sjá um að bókhald félagsins sé fært í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti. Nánari umfjöllun um stjórnarhætti félagsins er að finna í ársreikningi 2021 sem finna má í kafla 3.1.2 („*Skjöl felld inn með tilvísun*“).

¹⁸ Sjá nánar – Sameignarsamningur OR: <https://www.or.is/um-or/skipulag-og-stjornhaettir/sameignarsamningur/>

¹⁹ Sjá nánar – Eigendastefna OR: <https://www.or.is/um-or/skipulag-og-stjornhaettir/eigendastefna/>

²⁰ Sjá nánar – Siðareglur Ljósleiðarans <https://www.ljosleidarinn.is/stefnur/sidareglur>

²¹ Sjá nánar – Leiðbeiningar um stjórnhætti fyrirtækja: https://www.leidbeiningar.is/wp-content/uploads/2021/02/VI_Stjornarhaettir_fyrirtækja_Vefur.pdf

2.7.2 Yfirlýsing um stjórnarhætti

Reglur Ljósleiðarans um stjórnarhætti, s.s. starfsreglur stjórnar, voru samdar með hliðsjón af leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq Iceland. Ljósleiðarinn telur að stjórnarhættir félagsins uppfylli leiðbeiningarnar í samræmi við umfjöllun í kafla 2.7.1 „Stjórnarhættir“. Útgefandi vísar þó frá leiðbeiningunum að hluta. Hjá útgefanda er ekki starfrækt tilnefningarnefnd eins og kveðið er á um í ákvæði 1.4 í leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. Í 1. lið 4. gr. í samþykktum útgefanda kemur fram að það sé í höndum forstjóra OR að gera tillögu að stjórnarfólki útgefanda. Starfskjaranefnd er ekki til staðar hjá útgefanda eins og kveðið er á um í ákvæði 5.4 í fyrrnefndum leiðbeiningum en alla jafna er fylgt eftir ákvörðunum starfskjaranefndar OR sem leggur til breytingar á kjörum stjórnar OR. Útgefandi hefur tekið upp starfskjarastefnu en nánar er fjallað um stefnur útgefanda í kafla 2.3 „Stefnur og stefnumótun“. Í stjórn útgefanda eru þrjú af fimm stjórnarmönnum starfsfólk samstæðu OR en í ákvæði 2.3 í leiðbeiningum um stjórnarhætti kemur fram að meirihluti stjórnar skuli vera óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess.²²

2.7.3 Stjórn og framkvæmdarstjórn

Formaður stjórnar

Nafn:	Birna Bragadóttir
Starf utan útgefanda:	Forstöðukona Elliðaárstöðvar, sögu- og tæknisýningar OR í Elliðaárdal. Birna er að auki stjórnarformaður Hönnunarsjóðs.
Starfsreynsla:	Birna starfaði sem stjórnunarráðgjafi hjá Befirst og Capacent, framkvæmdastjóri Sandhotel, starfspróunarstjóri OR og starfaði við mannauðs-, fræðslu- og þjónustustjórnun hjá Icelandair. Birna hefur jafnframt starfað við leiðsögn hjá Ferðafélaginu. Birna er með MBA gráðu frá Háskólanum í Reykjavík og BA-gráðu í félagsfræði frá Háskóla Íslands. Hún er jafnframt stjórnendamarkþjálfari frá Coach University.
Fyrst kjörin:	Febrúar 2019
Starfsstöð:	Bæjarháls 1, 110 Reykjavík

Stjórnarmaður

Nafn:	Gunnar Ingvi Þórisson
Starf utan útgefanda:	Framkvæmdastjóri Netters ehf.
Starfsreynsla:	Hefur starfað við hönnun og ráðgjöf í kringum netkerfi, öryggismál og fjarskipti í yfir 20 ár. Gunnar starfaði áður sem framkvæmdastjóri fjarskipta- og tæknisviðs hjá 365 miðlum og

²² Til hægðarauka er vísað í á heimasíðu útgefanda þar sem starfsreglur stjórnar er að finna <https://www.ljosleidarinn.is/wp-content/uploads/2022/03/Starfsreglur-stj%C3%B3rnar-Lj%C3%B3slei%C3%B0arans-28.02.2022.pdf>

starfaði einnig hjá Sensa samhliða því að sitja í stjórn félagsins.
Gunnar er með CCIE gráðu frá Cisco.

Fyrst kjörin: Apríl 2021

Starfsstöð: Skeifan 11, 108 Reykjavík

Stjórnarmaður

Nafn: Pálmi Símonarson

Starf utan útgefanda: Sérfræðingur í viðskiptagreind hjá Upplýsingatækni OR

Starfsreynsla: Hann er með próf í rafmagnsverkfræði frá Háskóla Íslands. Í starfi sínu hjá OR ber Pálmi ábyrgð á viðskiptagreind og vöruhúsi gagna innan samstæðunnar. Starfaði áður sem deildarstjóri hugbúnaðargerðar hjá Vodafone og þar á undan sem þróunarstjóri hjá Tern Systems.

Fyrst kjörin: Febrúar 2019

Starfsstöð: Bæjarháls 1, 110 Reykjavík

Stjórnarmaður / varaformaður stjórnar

Nafn: Gísli Björn Björnsson

Starf utan útgefanda: Sérfræðingur í fjárstýringu og greiningum á fjármálasviði OR.

Starfsreynsla: Hann er með B.Sc. gráðu í hagfræði með áherslu á fjármál frá Háskóla Íslands og meistargráðu í reikningsskilum og endurskoðun (M.Acc.) frá sama skóla. Í störfum sínum hjá OR hefur hann borið ábyrgð á áhættustýringu og annast framkvæmd fjárhagslegrar greiningar og upplýsingagjafar. Gísli Björn er varamaður í stjórn Orku náttúrunnar ohf. og ON Power ohf.

Fyrst kjörin: Október 2021

Starfsstöð: Bæjarháls 1, 110 Reykjavík

Stjórnarmaður

Nafn: Áslaug Árnadóttir

Starf utan útgefanda: Lögmaður hjá Landslögum

Starfsreynsla: Áslaug hefur lokið cand.jur. prófi frá Háskóla Íslands og LL.M. gráðu í Evrópurétti frá Stokkhólmsháskóla. Þá hefur hún málflutningsréttindi fyrir Hæstarétti. Áslaug hefur starfað á nefndasviði Alþingis, sem aðstoðarmaður við Hæstarétt Íslands og hjá viðskiptaráðuneytinu. Þá hefur hún setið í stjórn Samkeppniseftirlitsins og áfrýjunarnefnd neytendamála auk þess að vera formaður stjórnar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta, formaður úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki og formaður kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa. Áslaug er formaður endurskoðendaráðs.

Fyrst kjörin: Apríl 2021

Starfsstöð: Borgartún 26, 105 Reykjavík

Varastjórnarmaður

Nafn: Íris Lind Sæmundsdóttir

Starf utan útgefanda: Lögmaður og regluvörður OR.

Starfsreynsla: Íris Lind er Mag. Jur frá Háskóla Íslands, er með diplómu í hafrétti og með málflutningsréttindi fyrir héraðsdómstólum. Hún starfaði áður sem lögfræðingur hjá utanríkisráðuneytinu og Reykjavíkurborg auk þess að hafa starfað sem aðstoðarmaður félags- og tryggingamálaráðherra. Hún sat í Stjórnlagaráði 2010, laganefnd EFTA fyrir Íslands hönd, verkefnisstjórn Straumhvarfa og var áður varamaður í stjórn Veitna ohf. frá 2015-2017. Þá hefur Íris Lind sinnt málflutningi fyrir Íslands hönd fyrir EFTA dómstólum og Evrópudómstólum. Íris Lind er varamaður í stjórn Orku náttúrunnar ohf. og ON Power ohf.

Fyrst kjörin: Janúar 2014

Starfsstöð: Bæjarháls 1, 110 Reykjavík

Varastjórnarmaður

Nafn: Sæmundur Friðjónsson

Starf utan útgefanda: Forstöðumaður upplýsingatækni OR. Stjórn DMM lausna ehf.

Starfsreynsla: Sæmundur er forstöðumaður Upplýsingatækni hjá OR. Hann er með B.Sc. próf í tölvunarfræði frá Háskóla Íslands og M.Sc í stjórnun frá Universitat Pompeu Fabra á Spáni. Áður en Sæmundur tók við sem forstöðumaður Upplýsingatækni hjá OR starfaði hann við upplýsingatæknimál hjá Vodafone. Sæmundur situr einnig í stjórn Netorku og DMM lausna ehf.

Fyrst kjörin: Apríl 2016
Starfsstöð: Bæjarháls 1, 110 Reykjavík

Framkvæmdarstjóri Ljósleiðarans

Nafn: Erling Freyr Guðmundsson
Starf utan útgefanda: Á ekki við
Starfsreynsla: Starfaði áður sem framkvæmdastjóri fjarskipta- og tæknisviðs 365 miðla. Erling lauk MBA frá Háskólanum í Reykjavík 2009 og rafvirkjun við Fjölbrautarskólann í Breiðholti. Hann, var framkvæmdarstjóri fjarskiptafyrirtækisins Industria á árunum 2003 til 2012. Hann hefur gegnum tíðina tekið þátt í að byggja fjarskiptafélög frá grunni bæði héraendis og erlendis.
Ráðinn: Janúar 2015
Starfsstöð: Bæjarháls 1, 110 Reykjavík

Forstöðumaður þjónustu

Nafn: Dagný Jóhannesdóttir
Starf utan útgefanda: Á ekki við
Starfsreynsla: Forstöðumaður tækniþjónustu og afhendingar. Deildin ber ábyrgð á verkefnastýringu þvert á félagið og afhendingu til heimila og fyrirtækja. Dagný starfaði hjá 365 og fyrirrennrum í 16 ár. Hún er með APME í verkefnastjórnun auk þess að vera menntuð sem sjúkraliði og einkaþjálfari.
Starfsstöð: Bæjarháls 1, 110 Reykjavík

Forstöðumaður tækni

Nafn: Jón Ingi Ingimundarson
Starf utan útgefanda: Á ekki við
Starfsreynsla: Forstöðumaður tækni. Hann starfaði áður sem yfirhönnuður, og fjarskipta- og staðlasérfræðingur hjá OZ. Jón Ingi hefur víðtæka alþjóðlega reynslu úr fjarskiptaheiminum, m.a. í nánú samstarfi við Ericsson og Nokia. Hann hefur einnig tekið þátt í alþjóðlegu samstarfi um gerð fjarskiptastaðla fyrir farsíma. Jón Ingi er verkfræðingur frá Háskóla Íslands og hefur lokið prófi í verðbréfavíðskiptum.
Starfsstöð: Bæjarháls 1, 110 Reykjavík

Engir hagsmunaárekstrar eru á milli skyldustarfa ofangreindra stjórnarmanna og framkvæmdastjóra fyrir útgefanda annars vegar og persónulegra hagsmuna þeirra og/eða

annarra skyldustarfa hins vegar né hafa þeir tengst stjórnnum félaga í gjaldprotaskiptum, slitameðferð eða sambærilegum ferlum, síðastliðin fimm ár.

Regluvörður félagsins er Íris Lind Sæmundsdóttir lögmaður hjá OR og staðgengill hennar er Elín Björg Smáradóttir, yfirlögfræðingur OR.

2.7.4 Endurskoðunarnefnd

Endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar starfar fyrir Reykjavíkurborg og dótturfyrirtæki hennar, OR og þ.a.l. Ljósleiðarann þar með talinn. Endurskoðunarnefnd starfar skv. IX. kafla laga nr. 3/2006 um ársreikninga með þeim hætti sem kveðið er á um í samþykkt fyrir stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 638/2001. Borgarstjórn skipar endurskoðunarnefnd samstæðu Reykjavíkurborgar og skal einn fulltrúi í endurskoðunarnefnd skipaður samkvæmt tilnefningu stjórnar OR. Um hlutverk endurskoðunarnefndar er fjallað í lögum um ársreikninga og hæfi nefndarmanna fer eftir ákvæðum ársreikningalaga um endurskoðunarnefnd. Endurskoðunarnefnd skal meðal annars hafa eftirfarandi verkefni án takmörkunar á ábyrgð borgarstjórnar, borgarráðs og stjórnenda: Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila, eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits, innri endurskoðun og áhættustýringu, eftirlit með endurskoðun ársreiknings A-hluta og samstæðureiknings A- og B-hluta, mat á óhæði ytri endurskoðanda og eftirlit með öðrum störfum þeirra fyrir Reykjavíkurborg, setja fram tillögu til borgarstjórnar um val á ytri endurskoðendum og að ráðningu innri endurskoðanda. Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar fer með innri endurskoðun OR skv. samningi þar um. Endurskoðunarnefndina skipa Lárus Finnbogason, löggiltur endurskoðandi, Sigrún Guðmundsdóttir, löggiltur endurskoðandi, Einar S. Hálfánarson, lögmaður og löggiltur endurskoðandi og Sunna Jóhannsdóttir viðskiptafræðingur sem tilnefnd er af stjórn OR. Varamenn eru Danielle Pamela Neben, Ólafur B. Kristinsson og Páll Grétar Steingrímsson.

2.7.5 Hluthafar

Ljósleiðarinn er eitt af sex dótturfélögum Orkuveitu Reykjavíkur sem er í eigu þriggja íslenskra sveitarfélaga: Reykjavíkurborg með 93,539% eignarhlut, Akraneskaupstaður með 5,528% og Borgarbyggð með 0,933%. Eigendur OR hafa gert með sér sameignarsamning²³ sem tryggir ríka minnihlutavernd smærri eigenda. Auk þess hefur verið sett eigendastefna sem tryggir að umboðskehja og boðleiðir séu virtar við ákvarðanatöku og hvaða ákvarðanir skuli hljóta samþykki eigenda.

Útgefanda er ekki kunnugt um annað eignarhald en að framan greinir eða að honum sé stjórnað af öðrum aðilum en hér hefur verið greint frá. Útgefanda er ekki kunnugt um að til staðar séu önnur réttindi en að framan greinir sem geta leitt til breytinga á yfiráðum í útgefanda.

2.7.6 Hlutfé

Útgefið hlutfé Ljósleiðarans hf. nemur 6.500.000.000 króna, sem skiptist í jafn marga hluti, sem hver er að nafnverði ein króna og fylgir eitt atkvæði hverjum hlut í félaginu. Allir útgefnir hlutir hafa þegar verið greiddir og tilheyra þeir sama flokki og eru þeir jafn réttáir. Réttindi hluthafa í útgefanda eru háð gildandi löggjöf og samþykktum hans á hverjum tíma. Í lið 2.1 í

²³ Sameignarsamningur OR <https://www.or.is/um-or/skipulag-og-stjornhaettir/sameignarsamningur/>

samþykktum félags segir að hluthafar hafa forgangsrétt að öllum nýjum hlutum í félaginu í hlutfalli við skráða hlutafjäreign sína.

3 Tilkynning til fjárfesta

Útgefandalýsing þessi er hluti af lýsingu útgefanda dagsettri 19. maí 2022 sem varðar beiðni stjórnar útgefanda um töku skuldabréfa sem gefin er út af útgefanda, í flokknum LL 010641 GB, til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Framangreint fer fram í samræmi við lög og reglugerðir, meðal annars lög nr. 115/2021 markaði fyrir fjármálagerninga og lög nr. 14/2020, um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði og reglugerð nr. 274/2020 um innleiðingu framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/980, um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129 að því er varðar sniðmát, efni, athugun og staðfestingu lýsinga sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði. Lýsingin fylgir ákvæðum um upplýsingagjöf í lýsingum skv. viðaukum 7 og 15 við framselda reglugerð nr. 2019/980. Viðauki 7 er vegna útgefandalýsingar fyrir heildsöluverðbréf sem ekki eru hlutabréfatengd og viðauki 15 er vegna verðbréfalýsingar fyrir heildsöluverðbréf sem ekki er hlutabréfatengd. Jafnframt er lýsingin útbúin með hliðsjón af reglum fyrir útgefendur fjármálagerninga, sem gefnar voru út af Nasdaq Iceland, 1. september 2021. Útgefandi uppfyllir öll skráningarskilyrði Nasdaq Iceland, sem tilgreind eru í reglum Nasdaq Iceland fyrir útgefendur fjármálagerninga.

Lýsingin hefur verið yfirfarin og staðfest af Fjármálaeftirlitinu, sem lögbæru yfirvaldi í samræmi við reglugerð (ESB) 2017/1129, um lýsingu sem birta skal við almenn útboð verðbréfa eða vegna töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Fjármálaeftirlitið staðfestir aðeins viðkomandi lýsingu í þeim skilningi að hún uppfylli þær kröfur um að vera fullnægjandi, skiljanleg og samkvæm sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2017/1129. Ekki ber að líta á slíka staðfestingu sem stuðning við útgefandann sem viðkomandi útgefandalýsing varðar. Fjárfestar skulu meta sjálfir hvort það henti þeim að fjárfesta í verðbréfum sem lýst er í útgefandalýsingu þessari. Lýsingin er á íslensku og samanstendur af tveimur aðskildum skjölum; útgefandalýsingu þessari, og verðbréfalýsingu dagsettri 19. maí 2022.

Lýsingin inniheldur þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar fjárfestum til þess að þeir geti metið eignir og skuldir, fjárhagsstöðu, afkomu og framtíðarhorfur útgefanda sem og þau réttindi sem fylgja skuldabréfum í flokki LL 010641 GB. Fjárfestum er bent á að fjárfesting í skuldabréfum felur í sér áhættu og áður en ákvörðun er tekin um fjárfestingu í skuldabréfunum ættu fjárfestar að fara yfir allar upplýsingar í lýsingunni. Fjárfestum er sér í lagi ráðlagt að kynna sér þá áhættu- og óvissuþætti sem geta haft veruleg áhrif á útgefanda, en þeim er lýst í 1. kafla í útgefandalýsingu þessari og 1. kafla í verðbréfalýsingu Ljósleiðarans dagsettri 19. maí 2022. Fjárfestum er bent á að gera sjálfstæðar kannanir á þeim þáttum sem sérstaklega geta átt við fjárfestingu þeirra í skuldabréfunum. Hver fjárfestir verður að byggja ákvörðun um fjárfestingu í skuldabréfunum á eigin athugunum og greiningu á þeim upplýsingum sem fram koma í lýsingunni. Fjárfestum er bent á að hægt er að leita ráðgjafar sérfræðinga, svo sem hjá bönkum, verðbréfafyrirtækjum og sparisjóðum, til aðstoðar við mat á skuldabréfunum sem fjárfestingakosti. Fjárfestum er einnig ráðlagt að kynna sér eigin réttarstöðu, þ.m.t. skattaleg atriði sem kunna að snerta fjárfestingu þeirra í skuldabréfunum og leita óháðrar ráðgjafar í því tilliti.

Útgefandalýsingunni eða öðrum skjölum sem tilheyra lýsingu útgefanda dagsettri 19. maí 2022 skal ekki dreifa, senda eða miðla á annan hátt til landa eða í löndum þar sem birting

krefst frekari skráningaraðgerða eða annarra aðgerða en þeirra sem íslensk lög og reglugerðir krefjast eða þar sem slíkt bryti í bága við lög eða reglugerðir í viðkomandi landi.

Í sumum lögsagnarumdæmum kunna lög að setja skorður við dreifingu útgefandalýsingarinnar eða annarra skjala sem tilheyra lýsingu útgefanda dagsettri 19. maí 2022. Því gerir útgefandi kröfu um að allir viðtakendur kynni sér og hagi athöfnum sínum í samræmi við slík lög og skorður. Útgefandi og Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans hf., sem er umsjónaraðili með töku skuldabréfa Ljósleiðarans til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland, eru ekki skaðabótaskyld vegna dreifingar þriðja aðila á verðbréfalýsingunni eða öðrum skjölum sem tilheyra lýsingu útgefanda dagsettri 19. maí 2022 í neinni lögsögu.

3.1.1 Gildistími og skjöl til sýnis

Lýsing útgefanda dagsett 19. maí 2022 samanstendur af tveimur skjölum, útgefandalýsingu þessari og verðbréfalýsingu dagsettri 19. maí 2022. Upplýsingar í lýsingunni byggja á aðstæðum og staðreyndum á þeim degi sem lýsingin er undirrituð. Lýsingin er í gildi í 12 mánuði frá staðfestingu að því tilskildu að útbúinn sé viðauki við lýsinguna eins og kveðið er á um í 23. gr. lýsingarreglugerðarinnar, komi fram mikilvægar nýjar upplýsingar, veigamikil mistök eða ónákvæmni er varða upplýsingar í lýsingunni, sem máli geta skipt við mat á verðbréfunum og koma fram á tímabilinu frá því að lýsingin var staðfest og þar til útbóði lýkur, eða ef við á, þegar viðskipti á skipulegum verðbréfamarkaði hefjast. Viðaukinn skal staðfestur af Fjármálaeftirlitinu innan fimm virkra daga og birtur á sama hátt og upprunalega lýsingin.

Eftirfarandi skjöl til sýnis á vefsíðu útgefanda:

- Endurskoðaður ársreikningur Ljósleiðarans 2021
- Endurskoðaður ársreikningur Ljósleiðarans 2020
- Verðbréfalýsing Ljósleiðarans dagsett og undirrituð 19. maí 2022
- Samþykktir útgefanda dagsettar 27. apríl 2022
- Græn umgjörð Orkuveitu Reykjavíkur og dótturfélaga dagsett 22. nóvember 2021
- Staðfesting frá óháðum vottunaraðila, Cicero dagsett 18. nóvember 2021

Á meðan lýsingin er í gildi má nálgast hana, ásamt fyrrnefndum skjölum, á rafrænu formi á vefsíðu útgefanda, <https://www.ljosleidarinn.is/fjarmal/>

Aðgengi að lýsingunni verður tryggt í 10 ár eftir birtingu hennar á vefsetri útgefanda

Fjárfestar geta jafnframt óskað eftir lýsingunni á prentuðu formi, sér að kostnaðarlausu á skrifstofu útgefanda, Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík.

3.1.2 Skjöl felld inn með tilvísun

Eftirfarandi skjöl eru í heild sinni felld inn með tilvísun í útgefandalýsingu þessa og skoðast þar með sem órjúfanlegur hluti af útgefandalýsingu þessari og tiltekin sem skjöl til sýnis:

- Endurskoðaður ársreikningur útgefanda fyrir fjárhagsárið 2021, sem lauk 31. desember 2021, ásamt skýrslu og yfirlýsingu stjórnar og framkvæmdastjóra og áritun óháðs endurskoðanda

<https://www.ljosleidarinn.is/wp-content/uploads/2022/03/%C3%81rsreikningur-Lj%C3%B3slei%C3%B0arans-31.12.2021-prenta%C3%B0ar-undirskriftir.pdf>

- Endurskoðaður ársreikningur útgefanda fyrir fjárhagsárið 2020, sem lauk 31. desember 2020, ásamt skýrslu og yfirlýsingu stjórnar og framkvæmdastjóra og áritun óháðs endurskoðanda

<https://www.ljosleidarinn.is/wp-content/uploads/2021/11/%C3%81rsreikningur-GR-2020.pdf>

- Samþykktir félagsins dagsettar 27. apríl 2022

https://www.ljosleidarinn.is/wp-content/uploads/2022/05/samthykktir_ljosleidarans_samthykktar_a_adalfundi_27_04_2022.pdf

3.1.3 Upplýsingar frá þriðja aðila

Upplýsingar í útgefandalýsingu þessari byggja m.a. á gögnum sem útgefandi hefur aflað sér frá þriðja aðila. Þar er m.a. um að ræða upplýsingar úr markaðsgreiningu Fjarskiptastofu sem nýttist við umfjöllun um samkeppni og markaði sem útgefandi starfar á. Útgefandi staðfestir, að svo miklu leyti sem honum er kunnugt um, að þær upplýsingar sem hann styðst við frá fyrrgreindum aðilum eru rétt eftir hafðar og að engum staðreyndum er sleppt sem gerir upplýsingarnar ónákvæmar eða villandi.

3.1.4 Umsjónaraðili og aðrir ráðgjafar

Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans hf. hafði umsjón með sölu og útgáfu skuldabréfaflokksins LL 010641 GB og verið stjórn og stjórnendum útgefanda til ráðgjafar við gerð lýsingar útgefanda dagsettrar 19. maí 2022 og töku skuldabréfanna til viðskipta á Nasdaq Iceland. Lýsingin er byggð á upplýsingum frá útgefanda, þar á meðal á upplýsingum úr endurskoðuðum ársreikningum útgefanda fyrir árin 2020 og 2021.

3.1.5 Hugsanlegir hagsmunaárekstrar

Athygli fjárfesta er vakin á hagsmunum útgefanda og Landsbankans hf. vegna töku skuldabréfa Ljósleiðarans til viðskipta á Aðalmarkað Nasdaq Iceland.

- Landsbankinn hf. er viðskiptabanki og lánveitandi útgefanda.
- Í tengslum við útgáfu og stækkun á skuldabréfaflokknum þann 1. júní 2021 og 20. desember 2021 og 31. mars 2022, hafði Ljósleiðarinn fengið Markaðsviðskipti Landsbankans til hafa umsjón með viðbótarútgáfu á skuldabréfum. Markaðsviðskipti Landsbankans hf. þiggur þóknun vegna þessa.
- Í tengslum við töku skuldabréfaflokk LL 010641 GB til viðskipta á skipulegan verðbréfamarkað hefur Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans hf. verið útgefanda til ráðgjafar við gerð lýsingarinnar ásamt því að hafa umsjón með töku skuldabréfanna til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Fyrir það greiðir útgefandi Landsbankanum hf. þóknun.

Útgefanda og Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans er ekki skylt að meta hvort kaup á skuldabréfum sem þessi lýsing tekur til er viðeigandi fyrir fjárfesta. Útgefandi og

Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans fara fram á það við fjárfesta að þeir kynni sér alla hugsanlega hagsmunaárekstra sem tilgreindir eru í þessari lýsingu.

Að öðru leyti er útgefanda ekki kunnugt um hagsmuni sem skipta máli í tengslum við útgáfu og sölu skuldabréfanna.

3.1.6 Endurskoðandi

Endurskoðandi Ljósleiðarans ehf. á því tímabili sem sögulegar fjárhagsupplýsingar taka til í lýsingu þessari var Grant Thornton endurskoðun ehf., kt. 430190-1999, Suðurlandsbraut 20, 108 Reykjavík og fyrir þeirra hönd Davíð Arnar Einarsson kt. 160178-4269, löggiltur endurskoðandi og meðlimur í Félagi löggiltra endurskoðenda.

3.1.7 Yfirlýsing ábyrgðaraðila fyrir hönd útgefanda

Stjórnarformaður Ljósleiðarans ehf. sem kemur fram fyrir hönd stjórnar útgefanda og framkvæmdastjóri Ljósleiðarans, kt. 691206-3780, Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík lýsa hér með fyrir hönd útgefanda að samkvæmt okkar bestu vitund eru upplýsingarnar sem útgefandalýsingin hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum er sleppt sem gætu haft áhrif á áreiðanleika hennar.

Reykjavík, 19. maí 2022

Fyrir hönd Ljósleiðarans ehf.

Birna Bragadóttir, stjórnarformaður

Erling F. Guðmundsson, framkvæmdastjóri

4 Skilgreiningar

Í útgefandalýsingunni vísa hugtökin;

„Ljósleiðarinn“, „útgefandinn“ og „félagið“ til Ljósleiðarinn ehf, kt. 691206-3780, Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík,

„LL 010641 GB“, „skuldabréfin“ og „skuldabréfaflokkurinn“ til skuldabréfaflokksins LL 010641 GB sem gefinn var út af Ljósleiðaranum ehf., þann 1. júní 2021 (áður GR 010641),

„Fjarskiptastofa“ til Fjarskiptastofu, kt. 570397-2499, Suðurlandsbraut 4, 108 Reykjavík, Íslandi.

„Fjármálaeftirlitið“ til Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, kt. 560269-4129, Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík, Íslandi,

„Landsbankinn“ til Landsbankans hf., kt. 471008-0280, Austurstræti 11, 155 Reykjavík, Íslandi,

„Leiðbeiningar um stjórnarhætti“ eins og þeir eru gefnir út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins, 6. útgáfa 2021,

„Lýsing“ til lýsingar Ljósleiðarans ehf. dagsettrar 19. maí 2022, sem samanstendur af verðbréfalýsingu, og útgefandalýsingu þessari dagsettri 19. maí 2022,

„Lýsingarreglugerð“ til reglugerðar Evrópusambandsins og ráðsins (ESB) nr. 2017/1129 frá 4. júní 2017 um lýsingu sem birta skal við almenn útboð verðbréfa eða vegna töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og um niðurfellingu á tilskipun 2003/71/EB,

„Míla“ til Mílu ehf., kt. 460207-1690, Stórhöfða 22-30, 110 Reykjavík,

„Nasdaq verðbréfamiðstöð“ til Nasdaq CSD SE, útibú á Íslandi, kt. 510119-0370, Laugavegi 182, 105 Reykjavík,

„OR“ til Orkuveitu Reykjavíkur, kt. 551298-3029, Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík,

„Nasdaq Iceland“ til Nasdaq Iceland hf., kt. 681298-2829, Laugavegi 182, 105 Reykjavík,

„Síminn“ til Símans hf., kt. 460207-0880, Ármúla 25, 108 Reykjavík,

„Sýn“ til Sýnar hf. kt. 470905-1740, Suðurlandsbraut 8, 108 Reykjavík,

„Tengir“ til Tengis hf., kt. 660702-2880, Fjölnisgötu 6c, 603 Akureyri,

„umsjónaraðili“ til Fyrirtækjaráðgjafar Landsbankans hf., kt. 471008-0280, Austurstræti 11, 155 Reykjavík, Íslandi ,

„útgefandalýsingin“ til útgefandalýsingar dagsettrar 19. maí 2022,

„verðbréfalýsingin“ til verðbréfalýsingar, dagsettrar 19. maí 2022,

nema annað megi skilja af samhenginu eða sé tekið fram í textanum.

Þegar vísað er til laga og reglugerða í verðbréfalýsingunni er vísað til íslenskra laga og reglugerða, með áorðnum breytingum.

4.1 Skammstafanir

e.	enska
ehf.	einkahlutafélag
e.t.v.	ef til vill
gr.	grein
hf.	hlutafélag
kr.	Krónur
kt.	kennitala
m.kr.	milljónir króna
m.a.	meðal annars
ma.kr.	milljarða króna
m.t.t.	með tilliti til
m.v.	miðað við
ohf.	opinbert hlutafélag
nr.	númer
sbr.	samanber
skv.	samkvæmt
s.s.	svo sem
þ.a.l	þar af leiðandi
þ.m.t.	þar með talið

Undirritunarsíða

f.h. Ljósleiðarans ehf.
Birna Bragadóttir

f.h. Ljósleiðarans ehf.
Erling Freyr Guðmundsson